# ÁRSSKÝRSLA 2004



BURÐARÁS



# ÁRSSKÝRSLA 2004

## 90. STARFSÁR - AÐALFUNDUR 4. MARS 2005

### STJÓRN BURÐARÁSS HF.

Björgólfur Thor Björgólfsson, formaður
Þórunn Guðmundsdóttir, varaformaður
Eggert Magnússon
Sigurjón Þ. Árnason
Þór Kristjánsson

### FORSTJÓRI

Friðrik Jóhannsson

### ENDURSKOÐENDUR

KPMG Endurskoðun hf.
Sæmundur Valdimarsson
Kristrún H. Ingólfsdóttir

## EFNISYFIRLIT


| | |
|---|---|
| Ávarp stjórnarformanns | 2 |
| Skýrsla forstjóra | 4 |
| Afkoma 2004 | 6 |
| Einstakar eignir | 9 |
| Eimskipafélag Íslands ehf. | 10 |
| Önnur fyrirtæki | 14 |
| Ársreikningur | 17 |

# Ávarp stjórnarformanns



Árið 2004 var ár umbreytinga og uppbyggingar í rekstri Burðaráss. Rekja má aðdraganda þessa til ársins 2003 er nýir kjölfestufjárfestar komu að rekstri Eimskipafélagsins. Í tengslum við þá atburði og í kjölfarið urðu miklar breytingar á eignarhaldi ýmissa fyrirtækja á hlutabréfamarkaðnum og Burðarás seldi eignarhlut sinn í nokkrum stórum félögum í skiptum fyrir hlutabréf í Eimskipafélaginu. Í byrjun árs 2004 seldi Burðarás eignarhlut sinn í sjávarútvegsfélögum sem rekin voru undir nafni Brims ehf.

## AÐ STANDA UNDIR NAFNI

Á síðasta aðalfundi samþykktu hluthafar að breyta nafni móðurfélagsins úr Hf. Eimskipafélag Íslands í Burðarás hf. og beina sjónum þess í vaxandi mæli að fjárfestingum erlendis. Burðarás var fjárfestingarhluti Eimskipafélagsins og því var eðlilegt að undirstrika mikilvægi upphaflegrar kjarnastarfsemi félagsins með því að flutningafélagið hlyti sitt upphaflega nafn: Eimskipafélag Íslands. Þessar áherslubreytingar og nafnaskipti, þ.e. að móðurfélagið Burðarás einbeiti sér að fjárfestingarstarfsemi og dótturfélagið Eimskip að flutningastarfsemi, hafa reynst afar farsælar.

## FRAMTÍÐARSÝN OG FJÁRFESTINGARSTEFNA BURÐARÁSS

Tilgangur Burðaráss er að auka verðmæti eignarhluta hluthafa félagsins með því að fjárfesta í fyrirtækjum hér á landi og erlendis. Áhersla er lögð á verkefni þar sem Burðarás er leiðandi fjárfestir og tekur stjórnunarlega ábyrgð. Jafnframt fjárfestir félagið í skemmri og lengri tíma til að nýta tækifæri á verðbréfamarkaði.

Burðarás fjárfestir bæði í bréfum skráðra félaga á hlutabréfamarkaði og óskráðra fyrirtækja, einkum í völdum atvinnugreinum. Miðað er við að um 5% fjárfestinga félagsins séu í nýsköpunarfyrirtækjum, um 65% í óskráðum félögum og um 30% í skráðum verðbréfum. Þetta er langtímamarkmið sem unnið er að. Um einstakar fjárfestingargreinar var stefnan sú að leggja áherslu á fjármálaþjónustu, fjarskiptafyrirtæki og ýmis tæknifyrirtæki, aðallega í hátæknigreinum. Burðarás hefur fylgt þessari stefnu.

Stærsta eign Burðaráss er Eimskipafélagið og hefur verið unnið að hagræðingu og rekstrarbreytingum Eimskips til að bæta afkomu þess, sem hefur verið slök undanfarin ár. Nú þegar hefur nokkur árangur náðst í því efni og verður áfram unnið að því að efla félagið með það að markmiði að skrá það í Kauphöll Íslands.

## ARÐSAMT OG ÁRANGURSRÍKT ÁR

Árangur Burðaráss hefur m.a. mótast af framtíðarsýn og stefnumörkun félagsins sem unnið hefur verið eftir frá því árið 2003. Árið 2004 verður að teljast það arðsamasta og árangursríkasta um langa hríð í sögu Burðaráss og Eimskipafélagsins, og á stuttum tíma hefur tekist að snúa rekstrinum til betri vegar, auka fjárfestingar í mjög áhugaverðum verkefnum og styrkja stöðu ýmissa þeirra fyrirtækja sem Burðarás á eignarhlut í. Hlutabréfamarkaðurinn hefur veitt þessu eftirtekt og hefur gengi hlutabréfa Burðaráss hækkað umtalsvert undanfarin misseri. Í upphafi árs 2004 var gengi hlutabréfa félagsins 7,1 en það var komið í 12,0 í árslok 2004 og hefur síðan enn hækkað. Burðarás var þriðja veltumesta félagið í Kauphöll Íslands árið 2004, en velta bréfanna nam tæplega 70 milljörðum króna. Burðarás er nú fimmta verðmætasta fyrirtækið sem skráð er í Kauphöll Íslands.

## EFNAHAGSUMHVERFIÐ OG REKSTRARSKILYRÐI Á ÍSLANDI

Atvinnu- og efnahagslíf hefur verið með meiri blóma á Íslandi undanfarin ár en víðast hvar í nágrannalöndum okkar. Stór skref hafa verið stigin í einkavæðingu og uppstokkun á fjármálamarkaði, skattar hafa verið lækkaðir og alþjóðavæðing íslensks atvinnulífs hefur farið ört vaxandi. Menntun þjóðarinnar, einkum á háskólastigi, vex hröðum skrefum og nýjar greinar á ýmsum sviðum viðskipta, menningar og lista eru

að skapa þjóðinni auknar tekjur og gott orðspor víða um heim.

Aftur á móti er margt sem ber að varast og velgengnin má ekki slæva vitund okkar um að við þurfum sífellt að gera betur. Enn er ríkisrekstur alltof umfangsmikill hér á landi. Stjórnvöld og eftirlitsaðilar hafa tilhneigingu til að bæta sífellt við lögum og reglum sem byggja á því hugarfari að ekki sé hægt að treysta atvinnulífinu. Einnig þarf að vinna hraðar að því að lækka skatta og kostnað við rekstur ríkisins til að skapa einstaklingum og fyrirtækjum þeirra aukið svigrúm. Við þurfum að skapa okkur skýrari sérstöðu og samkeppnisforskot í fjármálastarfsemi og tryggja að fjármunir leiti sem mest aftur hingað til lands og hér verði áhugavert að fjárfesta og fyrir stærstu fyrirtæki landsins að hafa höfuðstöðvar sínar.

## BÚUM VEL AÐ NÝRRI KYNSLÓÐ

Ef viðhalda á þeim árangri sem náðst hefur og auka hagsæld enn frekar þarf að tryggja að efnahagslegur og stjórnmálalegur stöðugleiki haldist og síðast en ekki síst að við búum vel að þeirri kynslóð sem er að vaxa úr grasi, hún fái að mennta sig og þroskast til að takast á við verkefni framtíðarinnar. Þetta skynjuðu Vestur-Íslendingar þegar þeir stofnuðu Háskólasjóð Eimskipafélagsins upp úr miðri síðustu öld til að styrkja ungt fólk til háskólanáms. Með því að setja hlutabréfaeign sína í sjálfstæðan sjóð vildu þeir tryggja annars vegar að hlutabréfin í Eimskipafélaginu héldust í íslenskum höndum og hins vegar að styrkja mætti nemendur til háskólanáms, því þeir gerðu sér grein fyrir mikilvægi menntunar fyrir framtíð landsins. Núverandi stjórn Háskólasjóðsins hefur ákveðið að fylgja fastar eftir þessari hugsjón og styðja Háskóla Íslands myndarlega við uppbyggingu skólahúsnæðis og styrkja nemendur í doktorsnámi á næstu árum.

Fyrir hönd stjórnar Burðaráss vil ég þakka samstarfsmönnum mínum í stjórn, forstjóra og öðrum starfsmönnum félagsins fyrir ánægjulegt samstarf. Einnig vil ég þakka hluthöfum fyrir samstöðuna og hollustu í garð félagsins og vonast til að við megum áfram byggja upp félag sem við getum öll verið stolt af og setja mun mark sitt á íslenskt atvinnulíf.

Björgólfur Thor Björgólfsson,
stjórnarformaður



*Stjórn Burðaráss:*
Björgólfur Thor Björgólfsson,
Þórunn Guðmundsdóttir,
Þór Kristjánsson,
Eggert Magnússon
og Sigurjón Þ. Árnason



# Skýrsla forstjóra



Árið 2004 var Burðarási hagfellt. Hagnaður var 9,3 milljarðar króna og arðsemi eigin fjár 38,3% á árinu. Rekstur félagsins hefur aldrei gengið betur þrátt fyrir að tap síðasta ársfjórðungs hafi numið 2,4 milljörðum króna. Mikinn hagnað á árinu 2004 má annars vegar rekja til sölu á sjávarútvegsstarfsemi Brims í upphafi árs og hins vegar til mikilla hækkana á íslenskum hlutabréfamarkaði.

Burðarás gekk í gegnum miklar breytingar á árinu 2004. Í upphafi árs var félagið rekið sem móðurfélag þriggja dótturfélaga sem störfuðu hvert á sínu sviði. Flutningastarfsemi félagsins var rekin undir merkjum Eimskips, sjávarútvegsstarfsemi var innan Brims og hjá Burðarási var haldið utan um fjárfestingar félagsins.

Í janúar 2004 var sjávarútvegsstarfsemi félagsins seld og var söluverðið 20,7 milljarðar króna og hagnaður af sölunni 4,1 milljarður.

## FJÁRFESTINGAR Á ÁRINU

Burðarás hafði því yfir miklu fjármagni að ráða í upphafi ársins og var ákveðið að taka stöðu í íslenskum hlutabréfum. Þessi ákvörðun reyndist félaginu vel en hækkunin á íslenska hlutabréfamarkaðnum nam um 58,9% á árinu.

Á fyrri hluta ársins 2004 var fjárfestingarstefna félagsins mörkuð og var hún gefin út um sumarið. Fjárfestingarstefna félagsins er skýr. Burðarás leggur áherslu á fjárfestingar í fjármála-, fjarskipta- og tæknifyrirtækjum. Félagið hefur fjárfest í þessum geirum með góðum árangri í gegnum tíðina og má þar nefna þátttöku í verkefnum á borð við Marel, Og Vodafone og TM Software.

Í samræmi við stefnu félagsins voru fjárfestingar í fjármálafyrirtækjum fyrirferðamiklar á árinu. Í upphafi árs fjárfesti félagið í tæplega 5% hlut í Íslandsbanka hf. Á haustmánuðum var fjárfest í 9,5% hlut í breska bankanum Singer & Friedlander plc og í september var hlutur Burðaráss í Straumi Fjárfestingarbanka aukinn í 9,5% í skiptum fyrir bréf í Íslandsbanka. Í lok árs réðst félagið síðan í stærstu erlendu fjárfestingu sína til þessa þegar félagið fjárfesti í 20,3% hlut í sænska fjárfestingarbankanum D. Carnegie & Co. AB.

Fjárfestingarfélag á stærð við Burðarás getur ekki eingöngu starfað á íslenska markaðnum og því er nauðsynlegt að beina sjónum út fyrir landsteinana. Markmið félagsins er að í framtíðinni verði um 70% af fjárfestingum félagsins erlendis og þá helst í Evrópu, þó að fjárfestingar annar staðar verði einnig skoðaðar. Fjárfestingar Burðaráss á árinu bera þessa merki, en erlend verðbréfaeign félagsins nam 22 milljörðum króna í árslok. Stærstu erlendu fjárfestingar félagsins eru í fjármálafyrirtækjunum D. Carnegie & Co. í Svíþjóð og Singer & Friedlander í Bretlandi.

## TRAUSTUR EFNAHAGUR

Burðarás stendur traustum fótum og nema heildareignir félagsins tæpum 85 milljörðum króna. Í fjárfestingarstefnu félagsins kemur fram að markmið þess er að eiginfjárhlutfall félagsins sé á bilinu 35% – 45% en í árslok 2004 var eiginfjárhlutfall félagsins 53,7%. Því er ljóst að Burðarás getur aukið skuldsetningu sína verulega og má ætla að heildarfjárfestingargeta félagsins sé um 130 milljarðar króna.

## EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS EHF.

Stærsta eign félagsins er flutningafélagið Eimskipafélag Íslands ehf. Bókfært verð félagsins er 5,7 milljarðar króna, en ljóst er að markaðsverðmæti þess er mun hærra. Stjórnendur Burðaráss hafa lýst því yfir að á næstu misserum verði flutningafélagið selt í einu lagi eða skráð á hlutabréfamarkað. Á undanförnum mánuðum hafa stjórnendur Eimskips gert töluverðar breytingar á skipulagi félagsins sem miða að hagræðingu og því að gera fyrirtækið arðsamara og samkeppnishæfara.

Rekstur Eimskips gekk vel á árinu og náðu stjórnendur þeim markmiðum sem sett voru um mitt ár 2004. Gert er ráð fyrir að rekstur Eimskips komi til með að ganga vel á árinu 2005 þrátt fyrir að aðstæður sé að einhverju leyti óhagstæðar

því olíuverð er hátt, íslenska krónan sterk og samkeppni á flutningamarkaði fer harðnandi.

Í lok árs 2004 var gengið að mestu leyti frá endurfjármögnun flutningafélagsins og voru þannig rofin öll lánatengsl við Burðarás, sem hafði áður fjármagnað félagið að stórum hluta.

## SAMEINING VIÐ KALDBAK

Á haustmánuðum 2004 keypti Burðarás 76,8% hlut í fjárfestingarfélaginu Kaldbaki hf. Í framhaldi kaupanna var samþykkt á hluthafafundum beggja félaganna að sameina þau og miðast sameiningin við 1. október. Sameinað félag starfar undir nafni Burðaráss. Þess er vænst að sameinað félag gefi tækifæri á að taka þátt í stærri og ábátasamari verkefnum en áður til hagsbóta fyrir hluthafa félagsins. Í kjölfar sameiningarinnar fjölgaði hluthöfum í félaginu um rúmlega sex þúsund og voru þeir rúmlega tuttugu þúsund í árslok, sem gerir félagið að einu fjölmennasta hlutafélagi landsins.

Í kjölfar sameiningarinnar við Kaldbak hefur Burðarás í auknum mæli tekið þátt í verkefnum tengdum smávöruverslun. Þar má nefna verkefni á borð við bresku skartgripaverslunarkeðjuna Goldsmiths Group, breska hlutabréfasjóðinn Ice Capital, sem fjárfestir í fyrirtækjum á sviði smávöruverslunar, og þátttöku í yfirtöku á The Big Food Group í upphafi árs 2005, en The Big Food Group rekur bresku matvælavöruverslanirnar Iceland, Booker og Woodward.

## GÓÐAR HORFUR FYRIR ÁRIÐ 2005

Eins og sést á þessari umfjöllun um starfsemi félagsins hefur Burðarás gengið í gegnum töluverðar breytingar á árinu 2004. Það er trú stjórnenda og starfsmanna félagsins að þessar breytingar hafi gert félagið að skýrari fjárfestingarkosti en það var áður. Markaðurinn hefur tekið þessum breytingum vel en gengi hlutabréfa félagsins hækkaði um 69% á síðastliðnu ári. Jafnframt voru viðskipti með bréf Burðaráss lífleg á árinu og námu þau alls tæpum 70 milljörðum sem gerir félagið að einu veltumesta félaginu á íslenska markaðnum.

Verkefnastaða félagsins er góð um þessar mundir en framtíðarafkoma fjárfestingarstarfsemi félagsins kemur þó sem fyrr til með að ráðast að miklu leyti af þróun á innlendum og erlendum mörkuðum.

Friðrik Jóhannsson,
forstjóri



*Starfsmenn Burðaráss:*
*Efri röð frá vinstri:*
Egill Tryggvason,
Linda Jónsdóttir,
Ragnar Þórisson,
Björn Gunnlaugsson,
Ásgerður Þráinsdóttir
og Rut Baldursdóttir
*Neðri röð frá vinstri:*
Brynhildur Kjartansdóttir,
Friðrik Jóhannsson,
Guðrún Loftsdóttir,
og Sigurbjörn Einarsson



# AFKOMA 2004

## REKSTUR SAMSTÆÐUNNAR

Ársreikningur Burðaráss hf. samanstendur af samstæðureikningi fjárfestingarfélagsins Burðaráss og flutningafélagsins Eimskipafélags Íslands. Umfjöllun um reikninginn tekur mið af samstæðureikningnum nema annað sé tekið fram.

Heildarhagnaður Burðaráss nam 9.341 milljónum króna á árinu 2004 og hefur aldrei verið meiri í sögu félagsins. Fjárfestingartekjur samstæðunnar námu 8.871 milljónum króna á árinu 2004. Þar af er söluhagnaður vegna sölu á dótturfélögum Brims 4.105 milljónir króna.

Rekstrartekjur samstæðunnar námu 24.152 milljónum króna á árinu. Þar af námu flutningatekjur 23.511 milljónum króna, en þær voru 22.998 milljónir króna árið áður og hafa því aukist um 513 milljónir króna. Aðrar rekstrartekjur samstæðunnar námu 641 milljónum króna

Tekjur og gjöld af flutningastarfsemi eru sýnd brúttó en voru áður sýnd nettó. Breytingin verður til þess að flutningatekjur og flutningagjöld eru 4.423 milljónum króna hærri en verið hefði miðað við óbreyttar aðferðir. Samanburðarfjárhæðum er breytt til samræmis, en breytingin hefur engin áhrif á afkomu samstæðunnar.

Rekstrargjöld voru 23.375 milljónir króna á árinu. Þar af voru flutningagjöld 19.741 milljónir króna, sölu- og skrifstofukostnaður 2.176 milljónir króna, afskriftir 1.458 milljónir króna og innleystur hagnaður fyrir tekjuskatt því 9.648 milljónir króna.

Skráð verðbréf í eigu félagsins eru færð á markaðsvirði og kemur hækkun á virði þeirra fram í óinnleystum gengismun í rekstrarreikningi. Óinnleystur hagnaður samstæðunnar var 1.527 milljónir króna á árinu.

## EFNAHAGUR SAMSTÆÐUNNAR

Heildareignir samstæðunnar voru 84.888 milljónir króna 31. desember 2004 en voru 53.361 milljónir króna í upphafi ársins og hefur efnahagur samstæðunnar því vaxið um 59% á árinu. Þessa hækkun má meðal annars rekja til mikils hagnaðar á árinu og samruna við fjárfestingarfélagið Kaldbak í lok árs 2004.

Skuldir og skuldbindingar námu 38.685 millj-

## LYKILTÖLUR ÚR SAMSTÆÐUREIKNINGI

í milljónum króna

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| **Rekstur:** | | |
| Fjárfestingartekjur | 8.871 | 5.340 |
| Rekstrartekjur | 24.152 | 23.302 |
| Rekstrargjöld | (23.375) | (22.979) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | 9.648 | 5.663 |
| Tekjuskattur | (1.834) | (642) |
| Innleystur hagnaður | 7.814 | 5.021 |
| Óinnleystur hagnaður (tap) | 1.527 | (2.133) |
| Heildarhagnaður af áframhaldandi starfsemi | 9.341 | 2.888 |
| Aflögð starfsemi | 0 | (684) |
| Hagnaður færður á eigið fé | 9.341 | 2.204 |

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| **Efnahagur:** | | |
| Verðbréf | 56.785 | 9.326 |
| Kröfur | 6.001 | 7.644 |
| Aðrar eignir | 22.102 | 36.391 |
| Eignir samtals | 84.888 | 53.361 |
| Eigið fé | 45.544 | 19.461 |
| Hlutdeild minnihluta | 659 | 183 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 3.927 | 1.031 |
| Lántökur | 28.691 | 27.584 |
| Aðrar skuldir | 6.067 | 5.102 |
| Skuldir og eigið fé samtals | 84.888 | 53.361 |

*Breytingar á starfsemi félagsins á árinu höfðu í för með sér breytingar á framsetningu reikningsskila félagsins. Vegna þessara breytinga er eingöngu birtur samanburður við síðasta ár.



ónum króna í árslok. Eigið fé samstæðunnar var 45.544 milljónir króna á sama tíma, en var 19.461 milljónir króna í lok árs 2003. Eiginfjárhlutfallið var því 53,7% í lok árs 2004 en var 36,5% í árslok 2003.

## REKSTUR FJÁRFESTINGAR-FÉLAGSINS

Fjárfestingartekjur Burðaráss námu 8.810 milljónum króna á árinu. Þar af námu innleystar tekjur af hlutabréfum 7.631 milljónum króna, en stærstur hluti innleysts söluhagnaðar er vegna sölu a dótturfélögum Brims, eða 4.105 milljónir króna. Hagnaður af sölu Íslandsbanka var 1.355 milljónir króna og Kaupþings Búnaðarbanka 729 milljónir króna

Fjármagnsliðir voru jákvæðir um 1.179 milljónir króna, sem má einkum rekja til gengishagnaðar af erlendum skuldum félagsins, en hann nam 1.188 milljónum króna á árinu. Burðarás er með meira ef eignum en skuldum í erlendri mynt og því var nettó gengismunur félagsins í raun neikvæður á árinu vegna styrkingar krónunnar. Gengismunur vegna erlendrar hlutabréfaeignar félagsins kemur hins vegar fram í rekstrarreikningi undir liðunum innleystar tekjur af hlutabréfum og sem óinnleystur gengismunur hlutabréfa.

Rekstrargjöld Burðaráss voru 568 milljónir króna á árinu. Þar af nam skrifstofu- og stjórnunarkostnaður 481 milljón króna. Um 200 milljónir króna af skrifstofu- og stjórnunarkostnaði má rekja til umbreytingar félagsins í upphafi árs og samruna við fjárfestingarfélagið Kaldbak í október 2004.

## LYKILTÖLUR ÚR SAMSTÆÐUREIKNINGI

í milljónum króna

| | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 | 2000 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Nokkur hlutföll:** | | | | | |
| Arðsemi eigin fjár | 38% | 19% | 16% | (7%) | 6% |
| Eiginfjárhlutfall | 54% | 36% | 43% | 31% | 32% |
| Innra virði (eigið fé / hlutafé) | 8,54 | 4,84 | 5,04 | 3,23 | 3,12 |
| Q-hlutfall (gengi hlutabréfa / innra virði) | 1,41 | 1,47 | 1,25 | 1,58 | 2,34 |
| V/H hlutfall (markaðsverðmæti / hagnaður) | 6,85 | 12,96 | 7,24 | - | 42,48 |
| Hagnaður á nafnverðshlut | 2,08 | 0,45 | 1,17 | (0,29) | 0,17 |
| **Verðbréfamarkaður:** | | | | | |
| Gengi hlutabréfa | 12,0 | 7,1 | 6,3 | 5,1 | 7,3 |
| Nafnverð hlutafjár | 5.334 | 4.023 | 5.124 | 3.026 | 3.027 |
| Markaðsverðmæti | 64.008 | 28.563 | 32.281 | 15.433 | 22.098 |

Samanburður á kennitölum byggir á starfsemi samstæðunnar eins og hún var á hverjum tíma, en skipulag félagsins breyttist mikið á árunum 2002-2004



## EIGIÐ FÉ OG EIGINFJÁRHLUTFALL




## GENGISÞRÓUN




Óinnleystur hagnaður fjárfestingarstarfseminnar nam 1.637 milljónum króna að teknu tilliti til skatta, en var 5.452 milljónir króna eftir fyrstu níu mánuði ársins. Óinnleyst tap á síðasta fjórðungi ársins nam því 3.815 milljónum króna sem má annars vegar rekja til 11,6% lækkunar íslensks hlutabréfamarkaðar á síðustu mánuðum ársins og hins vegar til 7,1% styrkingar íslensku krónunnar, sem hafði neikvæð áhrif á erlenda hlutabréfaeign félagsins.

## EFNAHAGUR FJÁRFESTINGARSTARFSEMINNAR

Skráð verðbréf í eigu Burðaráss eru færð á markaðsvirði og nam markaðsvirði þeirra 47.416 milljónum króna hinn 31. desember 2004 en var 5.722 milljónir króna í upphafi árs og hefur því rúmlega áttfaldast. Markaðsvirði íslenskrar hlutabréfaeignar félagsins nam 28.288 milljónum króna í árslok en hlutabréfaeign í skráðum erlendum verðbréfum nam 19.128 milljónum króna og vegur þar þyngst 20,3% eignarhlutur í sænska fjárfestingarbankanum D. Carnegie & Co. AB, sem nam 10.753 milljónum króna, og 9,5% eignarhlutur í breska bankanum Singer & Friedlander plc, sem nam 5.136 milljónum króna.



Óskráð bréf félagsins eru færð á kostnaðarverði eða matsverði hvort sem lægra reynist og nam bókfært virði þeirra 2.935 milljónum króna í árslok. Í níu mánaða uppgjöri var eign félagsins í óskráðum bréfum metin á 1.662 milljónir króna og hefur hún því aukist um 1.273 milljónir króna. Þessa aukningu má alfarið rekja til sameiningar við fjárfestingarfélagið Kaldbak hf. í október 2004.

## REKSTUR FLUTNINGAFÉLAGSINS

Hagnaður Eimskipafélagsins fyrir skatta, afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) nam tæplega 2,6 milljörðum króna og jókst um 932 milljónir frá árinu 2003. EBITDA hagnaður nam 11% af veltu á árinu 2004 en var 7% af veltu árið á undan. Veltufé frá rekstri var tæplega 1,9 milljarðar króna og jókst um 547 milljónir milli ára. Skattar námu 255 milljónum króna og hlutdeild minnihluta 17 milljónum króna. Innleystur hagnaður ársins nam 990 milljónum króna og jókst um 454 milljónir króna miðað við árið á undan, en hann var 536 milljónir króna árið 2003.

Heildareignir Eimskips námu 20,9 milljörðum króna í árslok 2004 og jukust um 7,3 milljarða frá fyrra ári eða um 54%. Meðal fjárfestinga á árinu má nefna norska flutningafyrirtækið CTG og Faroe Ship í Færeyjum en einnig var opnuð skrifstofa í Kína. Gjaldfærður umbreytingarkostnaður á árinu var um 200 milljónir króna. Langtímaskuldir félagsins hafa hækkað um 3,8 milljarða króna í tengslum við þessar fjárfestingar.

Eiginfjárhlutfall Eimskipafélagsins var 31,4% í lok árs 2004 samanborið við 26,7% árið 2003. Veltufjárhlutfall í árslok var 1,4.

# EINSTAKAR EIGNIR

Stærsta eign Burðaráss er Eimskipafélag Íslands, en Burðarás á 94,1% hlutafjár félagsins. Stærsta erlenda eign Burðaráss er 20,3% eignarhlutur í sænska fjárfestingarbankanum D. Carnegie & Co. AB. Aðrar fjárfestingar Burðaráss þar sem félagið á verulega hagsmuni og meira en 10% eignarhlut eru Sölumiðstöð Hraðfrystihúsanna, Marel, TM Software og Scribona.



# EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS EHF.

## HLUTVERK OG STEFNA

Hlutverk Eimskips er að reka hagkvæma alhliða vöruflutningaþjónustu, sem sniðin er að þörfum viðskiptavina einkum á heimamarkaði félagsins, Norður-Atlantshafi, en einnig á öðrum tengdum mörkuðum.

Eimskip er markaðssinnað fyrirtæki sem byggir starf sitt á opnum samskiptum, upplýsingamiðlun og metnaði. Fyrirtækið og starfsmenn þess eru skapandi og hafa frumkvæði þar sem áhersla er lögð á að auka og nýta sem best þekkingu starfsmanna og hæfileika. Rekstrar- og upplýsingakerfi félagsins eru ávallt í fremstu röð á sínu sviði hvað varðar hagkvæmni og tækni.

## SKIPULAG EIMSKIPS

Í stjórn Eimskips fram til 18. mars voru Baldur Guðnason, Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, Pálmi Haraldsson, Sindri Sindrason, Þór Kristjánsson, Þórður Magnússon og Magnús Gunnarsson.

Á aðalfundi hinn 18. mars tók við ný stjórn, en hana skipuðu Magnús Þorsteinsson, Baldur Guðnason, Sindri Sindrason, Þór Kristjánsson og Tómas O. Hansson. Síðar á árinu tók Friðrik Jóhannsson sæti Baldurs Guðnasonar.

Erlendur Hjaltason var framkvæmdastjóri Eimskips fram til 17. maí, en þá tók Baldur Guðnason við sem forstjóri.

Í júlí 2004 voru gerðar breytingar á skipulagi Eimskips. Markmiðin með breytingunum voru meðal annars að samþætta betur framleiðslukerfi samstæðunnar hér heima og erlendis til að efla þjónustuframboð, bæta þjónustuna við viðskiptavini og auka hagkvæmni.

Innan Eimskips eru nú fjögur meginafkomusvið: Eimskip Shipping, Eimskip Logistics, Eimskip Innanlands og Eimskip International. Öll sviðin búa yfir öflugum framleiðslukerfum á sviði flutningaþjónustu og saman mynda þau trausta keðju sem sinnir öllum þörfum á sviði vörustjórnunar og flutninga. Einnig eru tvö stoðsvið sem ganga þvert á rekstrarsviðin: Fjármál og upplýsingatækni. Stöðugildi á árinu voru að meðaltali 1.077, sem er svipað og á árinu á undan.

Verulegar breytingar urðu á húsnæðis- og aðstöðumálum félagsins. Öll starfsemi sem var í Eimskipafélagshúsinu, Pósthússtræti 2, flutti í Sundaklett, og öll starfsemi TVG Zimsen flutti af Héðinsgötunni í Vöruhótelið. Með þessu er öll starfsemi Eimskips komin á einn stað á athafnasvæði félagsins í Sundahöfn og hefur það skapað tækifæri til hagræðingar sem og til að treysta þjónustu við viðskiptavini félagsins.

## EIMSKIP SHIPPING

Eimskip Shipping veitir þjónustu í millilandasiglingum með áætlunarsiglingum og stórflutningum. Rík áhersla er lögð á að veita viðskiptavinum Eimskips í inn- og útflutningi alhliða flutningsþjónustu um allan heim með reglubundnum áætlunarsiglingum til og frá Íslandi. Siglingakerfi Eimskips er öflugasta flutningakerfið á N-Atlantshafi. Flutningaleiðir í millilandasiglingum Eimskips liggja um helstu hafnir viðskiptalanda Íslendinga. Siglt er vikulega á tveimur siglingaleiðum til áætlunarhafna á meginlandi Evrópu, í Bretlandi og á Norðurlöndum og hálfsmánaðarlega til Norður-Ameríku.

Um mitt ár var söluskipulag Eimskip Shipping einfaldað. Sex deildir sinntu áður sölu- og markaðsmálum, viðskiptaþjónustu og farmskrárvinnslu vegna inn- og útflutnings, en við breytingarnar var verkefnunum komið fyrir í þremur deildum, Innflutningsdeild, Útflutningsdeild og Stórflutningadeild. Með þessum breytingum urðu allar boðleiðir styttri og þjónusta við viðskiptavini hraðari og markvissari. Unnið hefur verið að því að auka jafnt og þétt virkni Heimahafnar, þjónustuvefs Eimskips.

Rekstur Hafnarbakka hf. var sameinaður rekstri Eimskips í Hafnarfirði. Veruleg hagkvæmni næst við sameininguna vegna samlegðaráhrifa.

Þjónusta Eimskips er grundvöllur starfseminnar og þarf þjálfun starfsmanna að taka mið af síbreytilegu viðskiptaumhverfi. Á árinu lét Eimskip

gera viðamikla þjónustukönnun, en slíkar kannanir hafa verið gerðar reglulega. Niðurstaða þjónustukönnunarinnar staðfesti að Eimskip hefur á að skipa einvalaliði starfsmanna. Til að efla enn frekar samkeppnisstyrk félagsins verða í framhaldinu haldin þjónustunámskeið sem byggja á niðurstöðum könnunarinnar og miða að því að fylgja eftir þeim markmiðum Eimskips að bæta enn frekar þjónustu við viðskiptavini félagsins.

Flutningsmagn áætlunarskipa Eimskips jókst um 4% á milli ára. Nýting áætlunarskipa Eimskips hefur verið góð. Markaðsstaða Eimskips á helstu markaðssvæðum hélst sterk, þó samkeppni sé veruleg á öllum vígstöðvum.

Eimskip festi kaup á nýjum, hraðvirkum og fullkomnum hafnarkrana, Gottwald HMK 300, og er sá krani stærstur sinnar tegundar hér á landi. Er þessi fjárfesting liður í því að auka framleiðni skipaafgreiðslu félagsins í Sundahöfn og bæta þjónustu við viðskiptavini.

Hinn 1. júlí 2004 tók svokallaður ISPS-staðall vegna siglingaverndar formlega gildi og hefur Eimskip haft fulla ISPS-vottun frá þeim degi. ISPS-staðallinn felur í sér öflugt eftirlit og hertan aðgang að hafnarsvæðum og er ætlað að taka á ógnun tengdri skipulagðri glæpa- og hryðjuverkastarfsemi. Til að fá vottunina þurfti Eimskip að herða aðgangsstýringu að hafnarsvæðum og auka öryggisvörslu og eftirlit með vöruflæði og skipum í höfn.

Strandflutningaskipinu Mánafossi hlekktist á í innsiglingu við Vestmannaeyjar í febrúarmánuði. Talsverðar skemmdir urðu á skipinu og var það úr rekstri í 10 vikur.

Eimskip hélt áfram nánu samstarfi við Royal Arctic Line um viðkomur á Grænlandi yfir sumartímann. Með þessari nýju viðkomuhöfn eykst þjónusta við viðskiptavini í Bandaríkjunum, Kanada og á Grænlandi sem hingað til hafa þurft að treysta á stopula þjónustu og langan flutningstíma til og frá Grænlandi. Yfir vetrartímann nást tengingar með Royal Arctic Line í gegnum Reykjavík.

Frystiskipaþjónusta félagsins á N-Atlantshafi styrktist verulega með kaupum félagsins á Coldstore & Transport Group AS (CTG). Meginflutningarnir eru milli Noregs, Íslands og Spánar og frá Nýfundnalandi til Íslands.

## EIMSKIP LOGISTICS

Undir Eimskip Logistics heyrir starfsemi TVG-Zimsen, Vöruhótelsins, flugþjónustu Eimskips, tollskjalagerð Eimskips, sem og öll afgreiðsluþjónusta félagsins við inn- og útflytjendur. Markmiðið með samþættingu þessarar starfsemi er að bjóða minni og meðalstórum fyrirtækjum heildarþjónustu, s.s. flugflutninga, sjóflutninga, hraðflutninga, tollskjalavinnslu, birgðahald og dreifingu, svo eitthvað sé nefnt.

Mikill vöxtur hefur verið í starfsemi Eimskips Logistics og þá helst í sjó- og flugflutningaþjónustu en félagið hóf í samstarfi við Íslandsflug að selja útflutning á ferskum fiski í flugfrakt. Viðskiptavinum Vöruhótelsins hefur jafnframt fjölgað verulega á árinu 2004 og hefur vörumagnið sem Vöruhótelið annast aukist umtalsvert. Nýtingin á rými Vöruhótelsins hélt áfram að aukast og ljóst er að huga þarf að stækkun á næstu misserum. Miklar væntingar eru um hraðan áframhaldandi vöxt og verður sérstaklega horft til flugflutninga, hvort sem um er að ræða inn- eða útflutning, auk aukinnar nýtingar í Vöruhótelinu.

## EIMSKIP INNANLANDS

Við endurskipulagningu á starfsemi félagsins á árinu 2004 voru öll flutningakerfi í innanlandsflutningum Eimskips sameinuð undir eitt afkomusvið, Eimskip Innanlands. Áður var um að ræða fjögur kerfi sem voru rekin sem sjálfstæðar einingar: Áætlunarflutningar Flytjanda ehf., þar sem Eimskip átti um 90% hlut í upphafi árs, gámaakstur á vegum Eimskips, strandsiglingar Mánafoss og rekstur svæðisskrifstofa Eimskips á landsbyggðinni.

Til að auka nýtingu flutningatækja og bæta hagkvæmni voru áætlunarkerfi Flytjanda og gámaakstur Eimskips sameinuð í eitt flutningakerfi. Strandsiglingum var hætt í lok árs 2004 og þeir flutningar sameinaðir landflutningakerfinu.

Á árinu 2004 var gengið frá kaupum á því hlutafé í Flytjanda sem verið hafði í eigu annarra aðila en Eimskips. Jafnframt styrkti Eimskip stöðu sína á ýmsum flutningsleiðum innan kerfisins með því að kaupa HP syni á Höfn og HSH í Vestmannaeyjum, en HSH hafði áður verið utan Flytjandanetsins. Aukið var við eignarhlut í Alla Geira á Húsavík og Norðurfrakt á Siglufirði á árinu. Á síðasta ársfjórðungi 2004 voru gerðar breytingar á flutningakerfinu á Suðurlandi og opnaði Eimskip Innanlands eigin afgreiðslu á Selfossi 1. nóvember.

Öll starfsemi Eimskips Innanlands á höfuðborgarsvæðinu er nú undir einu þaki í flutningamiðstöðinni að Klettagörðum 15. Auk þess rekur Eimskip Innanlands 11 afgreiðslustaði á landsbyggðinni, á Akureyri, Dalvík, Eskifirði, Reyðarfirði, Egilsstöðum, Neskaupstað, Seyðisfirði, Selfossi, Ísafirði, í Reykjanesbæ og Vestmanna-



eyjum. Þar fyrir utan sinna flutningsaðilar í Flytjandanetinu þjónustu við viðskiptavini Eimskips víða um land.

## EIMSKIP INTERNATIONAL

Starfsemin erlendis er fjölbreytt og víðtæk flutninga- og flutningatengd þjónusta í boði. Er þar bæði um að ræða þjónustu sem tengist flutningum til og frá Íslandi og ýmsa alþjóðlega flutningastarfsemi, sem ekki tengist Íslandi. Eimskip hefur í vaxandi mæli á síðustu árum hafið náið samstarf við alþjóðleg flutningafélög, bæði sem samstarfsaðili og einnig í ákveðnum tilvikum sem sameignaraðili, með það fyrir augum að geta boðið víðtæka flutningaþjónustu hvar sem er í heiminum.

Eimskip International eða alþjóðlega flutningastarfsemin er einn helsti vaxtarbroddurinn í starfsemi Eimskips. Á árinu var mörkuð ný stefna um vöxt félagsins og starfsemi erlendis. Helstu stoðir þeirrar stefnu eru:

- Að verða leiðandi í þjónustu við sjávarútveg á Norður-Atlantshafi
- Að bjóða þjónustu á flutningaleiðum innan Evrópu
- Að innri vöxtur félagsins verði 5% á ári
- Að fjárfesta í arðbærum flutningarekstri í samræmi við arðsemiskröfur félagsins



Starfsemi alþjóðasviðs á árinu 2004 tók mið af þessari stefnumótun. Auk þess var unnið að verulegri endurskipulagningu á rekstrinum erlendis sem miðaði að því að ná fram hagræðingu og lækkun kostnaðar með einföldun vinnuferla og skilvirkari vinnubrögðum. Þær aðgerðir skiluðu umtalsverðum árangri.

Hinn 1. apríl 2004 eignaðist Eimskip meirihluta í norska flutningafélaginu Coldstore & Transport Group AS. Félagið rekur 10 frysti- og kæliskip og frystigeymslur á lykilstöðum í Vestur- og Norður-Noregi. Með samruna CTG og frystiskiparekstrar Eimskips á Íslandi og skrifstofa Eimskips í Tromsö og Álasundi hefur tekist að byggja upp öflugt félag sem býður sjávarútvegsfyrirtækjum alhliða flutningalausnir, s.s. losunar- og geymsluþjónustu, bretta- og gámaflutninga og aðra skylda þjónustu. Félagið hefur nú rúmlega 10% markaðshlutdeild í flutningi sjávarafurða á norska markaðnum.

Síðla sumars eignaðist Eimskip allt hlutafé í Faroe Ship, sem er elsta og stærsta flutningafélagið í Færeyjum, og náði með því verulegri hlutdeildaraukningu á færeyskum flutningamarkaði. Með því eignaðist Eimskip einnig hlut í stórri frystigeymslu í Rúnavík í Færeyjum. Unnið hefur verið að samræmingu skrifstofa og framleiðslukerfa félaganna, skipum hefur verið fækkað um eitt, gámakerfi sameinuð og ráðist í ýmis önnur verkefni til hagræðingar og betri nýtingar framleiðslutækja. Einnig er unnið að samþættingu dótturfélaga Eimskips og Faroe Ship í Danmörku, en þar eru veruleg tækifæri til hagræðingar og frekari sóknar.

Í ágúst var stofnað félagið Eimskip Reefer Logistics BV, sem staðsett er í Hollandi. Meginmarkmið þess er að veita sjávarútvegsfyrirtækjum um heim allan þjónustu sem ekki fellur undir reglulegar áætlunarsiglingar Eimskips. Sjávarútvegsfyrirtæki, ekki síður en önnur fyrirtæki, hafa undanfarin ár verið að hnattvæðast og mun Eimskip Reefer Logistics BV mæta þörfum þessara fyrirtækja og bjóða þeim hagkvæma þjónustu á öllum helstu flutningsleiðum. Í þeim tilgangi er nú verið að byggja upp net skrifstofa og umboðsmanna Eimskips á mikilvægustu stöðum um allan heim þar sem fiskflutningar fara um.

Liður í þeirri þróun var stofnun skrifstofu Eimskips í Qingdao í Kína, en hún tók til starfa 1. nóvember. Starfsmenn skrifstofunnar eru 12. Hlutdeild Eimskips í frystigámaflutningum frá Qingdao til Evrópu í byrjun árs 2005 er orðin 13%. Kína er mesta fiskveiðiþjóð heims og auk þess er þar flutt inn mikið af hálf- og óunnu hráefni, sem að hluta til er flutt út aftur. Flutningaleiðir fyrir fiskafurðir til og frá Kína teygja sig því um allan heim, ekki síst innan Asíu og til Evrópu.

Eimskip hefur að undanförnu verið að skoða hvernig best væri að haga innkomu sinni á flutningamarkaðinn innan Evrópu. Þar eru mörg tækifæri, sem m.a. tengjast stækkun Evrópusambandsins til austurs. Mörg verkefni eru nú í skoðun og má vænta þess að niðurstaða fáist í þau mál á næstu misserum.

Árið 2004 var eitt besta ár alþjóðasviðs Eimskips frá upphafi, bæði með tilliti til vaxtar og afkomu. Í upphafi árs 2005 voru starfsstöðvar félagsins utan Íslands 29 og starfsmenn þar um 460 talsins.

## MANNAUÐUR

Yfirburðir í þjónustu og samkeppni snúast um að hafa besta starfsfólkið. Í margþættri starfsemi Eimskips er leitast við að efla mannauðinn og tryggja að starfsfólk hafi sem fjölbreyttasta reynslu, þekkingu og menntun til að geta veitt viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu.

Starfsfólk Eimskips er einn mikilvægasti hlekkur-



inn í starfseminni og leitast Eimskip við að hlúa sem best að þeim sem starfa hjá félaginu. Eimskip vinnur eftir ákveðnum gildum og eru þau leiðbeinandi við rekstur fyrirtækisins, þjónustu við viðskiptavini og framkomu starfsfólks hvers við annað. Þessi gildi eru þrjú: Árangur – Samstarf – Traust.

Áhersla er lögð á að starfsfólk hafi tækifæri til starfsþróunar og aukins þroska, framlag þess sé metið að verðleikum og vinnuumhverfið stuðli að velferð starfsfólks ásamt því að leggja grunninn að velgengni fyrirtækisins. Einn liður í því var stofnun Flutningaskóla Eimskips í byrjun árs 2004 og brautskráðust 11 starfsmenn frá Flutningaskólanum 10. desember sl. Markmið Flutningaskólans er að styrkja starfsmenn í starfi með aukinni þekkingu og færni, að fyrirtækið hafi ævinlega á að skipa hæfum einstaklingum sem eru tilbúnir að takast á við ný verkefni og störf á hverjum tíma og að auka þekkingu starfsmanna á starfsemi Eimskips, sem stuðlar að bættri þjónustu við viðskiptavini félagsins.

## UPPLÝSINGATÆKNI

Á árinu var lokið stefnumótun í upplýsingatækni til ársins 2007 innan félagsins. Meginmarkmið stefnumótunarinnar var að finna leiðir til kostnaðarlækkunar í rekstri félagsins með notkun upplýsingatækninnar, auk þess að lækka upplýsingatæknikostnað. Liður í þessu var úthýsing á allri hugbúnaðarþjónustu Eimskips til TM Software, sem sér nú um rekstur á kerfum Eimskips.

Í stað þess að hafa mörg ólík upplýsingakerfi var ákveðið að ráðast í kaup á einu samstæðu kerfi sem snerti sem flesta fleti starfseminnar. Fyrir valinu varð SAP upplýsingakerfi og hófst innleiðing á fyrsta hluta kerfisins, sem nær yfir ferlið „frá bókun til greiðslu“, á seinni hluta ársins 2004. Í framhaldi verður hafist handa við að innleiða fjárhagskerfi, innheimtukerfi, eignakerfi, beiðnakerfi og viðhaldskerfi. Áætluð lok eru árið 2007.

## FRAMTÍÐARSÝN

Mikil og vaxandi samkeppni ríkir á alþjóðlegum flutningamarkaði og stöðug krafa er um aukna hagkvæmni og lægri flutningsgjöld. Til að mæta þessu einbeitir Eimskip sér að kjarnastarfsemi sinni, sem er flutningaþjónusta og þjónusta tengd henni, og mun leitast við að ná fram stærri og hagkvæmari rekstrareiningum með uppkaupum og sameiningu fyrirtækja.

Framtíðarsýn Eimskips er að vaxa á arðsaman hátt og að vera leiðandi flutningafyrirtæki á Norður-Atlantshafi, þar sem fyrirtækið byggir þjónustu sína á eigin framleiðslukerfum og samstarfi við önnur fyrirtæki. Eimskip telur að helstu tækifærin til vaxtar liggi erlendis og stefnir félagið að enn frekari vexti erlendis á næstu árum. Áhersla verður á eflingu þeirrar þjónustu sem fyrir er, með sérstakri áherslu á heildarþjónustu við sjávarútveg við N-Atlantshafið og flutninganeti um allan heim, sem sniðið er að þörfum viðskiptavina. Til að ná fram ásættanlegri framlegð og þar með arðsemi og verðmætaaukningu, hefur Eimskip sett af stað fjölmörg verkefni sem stuðla að umtalsverðum breytingum á flutningastarfsemi fyrirtækisins og arðsömum innri og ytri vexti.

Frekari upplýsingar um Eimskipafélagið má finna á heimasíðu félagsins www.eimskip.is.



# ÖNNUR FYRIRTÆKI

D. Carnegie & Co. AB er norrænn fjárfestingarbanki með höfuðstöðvar í Svíþjóð. Carnegie starfar í átta löndum en bankinn er einnig með starfsemi í Danmörku, Noregi, Finnlandi, Lúxemborg, Sviss, Bretlandi og Bandaríkjunum.

D. Carnegie & Co. AB á sér langa sögu. Fyrirtækið var stofnað af David Carnegie í Gautaborg í Svíþjóð árið 1803. Starfsmenn bankans eru um 800 talsins og hefur bankinn verið skráður í kauphöllinni í Svíþjóð frá árinu 2001.

Carnegie starfar aðallega á sviði markaðsviðskipta, fyrirtækjaráðgjafar, eignastýringar og einkabankaþjónustu. Carnegie stendur framarlega á þeim sviðum sem hann starfar á og hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir starfsemi sína.

*Markaðsviðskipti*

Markaðsviðskipti eru stærsta viðskiptasvið bankans og annast verðbréfamiðlun og greiningu.

Í greiningardeildum Carnegie starfa 55 sérfræðingar sem fylgjast með u.þ.b. 350 norrænum fyrirtækjum. Markaðsvirði þeirra fyrirtækja sem greiningardeildir Carnegie greina er u.þ.b. 95% af samanlögðu markaðsvirði allra skráðra norrænna fyrirtækja.

Staða Carnegie er sterk í verðbréfamiðlun á heimamarkaði bankans, en hann er með 7,8% af heildarveltu í norrænu kauphöllunum og er þar með næstmestu veltu allra fyrirtækja á þessum markaði.

*Fyrirtækjaráðgjöf*

Carnegie er leiðandi í fyrirtækjaráðgjöf á Norðurlöndunum og hafði umsjón með flestum nýskráningum fyrirtækja á norrænan hlutabréfamarkað á árunum 1997-2004. Á sama tímabili var Carnegie jafnframt sá aðili sem veitti oftast ráðgjöf vegna samruna og yfirtöku fyrirtækja á Norðurlöndum.

Á árinu 2004 annaðist Carnegie m.a. nýskráningu snyrtivörufyrirtækisins Oriflame Cosmetics í sænsku kauphöllina og verktakafyrirtækisins Aker Kværner í norsku kauphöllina.

*Eignastýring og einkabankaþjónusta*

Carnegie býður viðskiptavinum sínum fjölbreytta þjónustu á sviði eignastýringar og einkabankaþjónustu.

Carnegie hefur boðið upp á einkabankaþjónustu gegnum dótturfyrirtæki sitt Banque Carnegie Luxembourg í meira en áratug. Viðskiptavinir bankans á þessu sviði eru fjársterkir einstaklingar, stofnanir og fjölskyldufyrirtæki.

Sjóðum í stýringu bankans hefur vegnað vel á undanförnum árum og hafa 80% af eignum í stýringu bankans fengið fjögurra eða fimm stjörnu einkunn hjá óháða greiningarfyrirtækinu Morningstar. Af þessum sjóðum hafa 70% þeirra náð betri árangri en viðmiðunarvísitölur þeirra.

*Rekstrarniðurstaða 2004*

Tekjur Carnegie jukust um 20% og námu 24,7 milljörðum króna á árinu 2004. Gjöld bankans jukust hins vegar einungis um 8% á sama tíma og voru 14,7 milljarðar króna á árinu. Hagnaður ársins var 3,7 milljarðar króna, sem er 87% aukning frá fyrra ári.

Markaðsvirði bankans í lok árs 2004 var 53 milljarðar króna og námu heildareignir hans 213 milljörðum króna.

Frekari upplýsingar um D. Carnegie & Co. AB má finna á heimasíðu bankans www.carnegie.se.

Marel er í forystusveit þeirra fyrirtækja hér á landi sem hafa náð umtalsverðum árangri á alþjóðamarkaði og er nú í fremstu röð á sínu sviði í heiminum. Hlutverk Marel er að vera alþjóðlegt hátæknifyrirtæki sem þróar og framleiðir tæki, hugbúnað og lausnir fyrir matvælaiðnað, hvort sem er á sviði sjávarfangs-, kjöt- eða kjúklingavinnslu.

Vöxtur félagsins byggir bæði á innri og ytri vexti með kaupum á öðrum fyrirtækjum á svipuðu sviði. Stefna Marel er að fjárfesta eingöngu í traustum og fjárhagslega sterkum fyrirtækjum á þeim sviðum sem falla vel að framtíðarsýn og stefnumörkun félagsins.

Stefnt er að því að Marel vaxi umtalsvert á næstu árum og að fyrirtækið styrki enn frekar leiðandi stöðu sína á alþjóðavettvangi.

*Rekstrarniðurstaða 2004*

Velta Marel á árinu 2004 nam 9,4 milljörðum króna og hagnaður af rekstri var 550 milljónir króna, sem er besta ár í sögu félagsins.

Markaðsvirði Marel í árslok 2004 var 11,8 milljarðar króna og námu heildareignir félagsins 7,6 milljörðum króna.

Frekari upplýsingar um félagið má finna á heimasíðu þess www.marel.is.



SH hf. er eignarhaldsfélag sem stýrir alþjóðlegu neti framleiðslu- og markaðsfyrirtækja sem selja sjávarafurðir á alþjóðlegum mörkuðum. Vörumerki félagsins er Icelandic Seafood, sem hefur sterka stöðu á mörkuðum þar sem lögð er áhersla á gæði og áreiðanleika í viðskiptum.

Félagið var stofnað árið 1942 og í samstæðunni eru sautján félög í tíu löndum. Starfsmenn félagsins voru um 2.700 í árslok 2004. Dótturfyrirtæki SH vinna að því að breikka núverandi vöruúrval með öflugu vöruþróunarstarfi og alþjóðlegum innkaupum á sjávarfangi.

Um miðjan júlí 2004 gekk SH frá kaupum á Seachill Ltd, sem sérhæfir sig í framleiðslu ferskra sjávarafurða. Ársvelta Seachill er um 12 milljarðar króna. Í byrjun nóvember 2004 gekk SH jafnframt frá kaupum á sjávarafurðaframleiðslu Cavaghan & Gray Ltd. Um er að ræða verksmiðjur með um 5 milljarða veltu. Kaupin á Seachill og Cavaghan & Gray eru í samræmi við þá stefnu SH að auka hlutdeild félagsins í framleiðslu og sölu kældra sjávarafurða. Í lok ársins keypti SH 25% eignarhlut í Coldwater Seafood (UK) Ltd. Með þeim kaupum eignaðist SH Coldwater Seafood að fullu. Þessi kaup munu auðvelda alla hagræðingu í Bretlandi.

Af heildarveltu SH samstæðunnar eftir síðustu fjárfestingar nemur frystur fiskur 61%, kældar og ferskar afurðir 21% og rækja og skelfiskur 18%.

*Rekstrarniðurstaða 2004*

Rekstrartekjur ársins 2004 námu 70,1 milljarði króna samanborið við 59,0 milljarða árið áður. Vörusala jókst um 18,7% og var raunaukning um 21,0% þegar tekið hefur verið tillit til styrkingar krónunnar. Hagnaður ársins nam 709 milljónum króna en var 500 milljónir árið áður

Markaðsvirði SH í árslok 2004 var 12,5 milljarðar króna og voru heildareignir félagsins 35 milljarðar króna.

Frekari upplýsingar um SH má finna á heimasíðu þess www.icelandic.is.

Scribona er leiðandi þjónustuaðili á Norðurlöndum í sölu á tölvum og hugbúnaði. Scribona leggur áherslu á fyrirtækjamarkað og eru dreifingaraðilar félagsins alls 6.000 talsins. Einnig er félagið markaðsleiðandi í stafrænni fjölföldun í Svíþjóð gegnum dótturfélag sitt Carl Lamm.

Scribona hefur umboð fyrir mörg þekktustu merki heims og má þar nefna Samsung, Ricoh, HP, Hitachi, Sanyo og mörg fleiri.

Markaðshlutdeild Scribona í sölu PC-véla á smásölumarkaði er 14% og en á heildsölumarkaði er félagið með 39% markaðshlutdeild.

Á árinu 2004 var rekstur félagsins endurskipulagður með það að markmiði að draga verulega úr kostnaði. Stjórnendur félagsins telja að þessara sparnaðaraðgerða komi til með að gæta í reikningum félagsins á árinu 2005.

*Rekstrarniðurstaða 2004*

Tekjur Scribona námu 111 milljörðum króna á árinu 2004. Hagnaður félagsins á árinu nam 500 milljónum króna en var 9 milljónir króna árið 2003.

Markaðsvirði Scribona í árslok 2004 var 6,9 milljarðar króna og voru heildareignir félagsins 35 milljarðar króna.

Frekari upplýsingar um Scribona má finna á heimasíðu félagsins www.scribona.se.





TM Software (áður TölvuMyndir hf.) er alþjóðlegt hugbúnaðarfyrirtæki með starfsemi í 12 löndum og þjónar rúmlega 1.500 viðskiptavinum í 20 löndum. Félagið var stofnað árið 1986. Starfsmenn þess eru nú um 400.

Burðarás er stærsti hluthafi í TM Software með 41,3% hlut og hefur verið kjölfestufjárfestir í félaginu frá árinu 1996. Aðrir stórir hluthafar eru Friðrik Sigurðsson, forstjóri félagsins, Straumur Fjárfestingarbanki og Flugleiðir, en samtals eiga þessi fjórir aðilar meira en 75% af heildarhlutafé félagsins.

TM Software leggur áherslu á þróun, sölu á og þjónustu við eigin hugbúnað og heildarþjónustu við viðskiptavini í samstarfi við helstu upplýsingatæknifyrirtæki heims. Félagið hefur sérhæft sig í smíði kerfa og þjónustu sem styðja meginstarfsemi viðskiptavina þess á sviðum þar sem íslenskt atvinnulíf er framsækið.

Félagið er leiðandi í kerfum fyrir verðbréfaumsýslu með Libra kerfunum, Vigor kerfum fyrir veitufyrirtæki, Theriak kerfum fyrir heilbrigðisgeirann, Maritech fyrir sjávarútveg, Microsoft viðskiptalausnum, Origo internetlausnum og sérhæfðum tölvukerfum og í rekstrarlausnum í gegnum Skyggni.

TM Software hefur í fjórgang hlotið viðurkenningu sem eitt af 500 framsæknustu fyrirtækjum í Evrópu og hlotið viðurkenninguna „Microsoft Gold Certified" frá Microsoft.

*Rekstrarniðurstaða 2004*

Velta TM Software var um 3.500 milljónir króna árið 2004 og heldur afkoma félagsins áfram að batna mikið. Félagið hefur vaxið mjög á undanförnum árum og er eitt af stærstu fyrirtækjum í upplýsingatækni hér á landi.

Í undirbúningi er að skrá félagið í Kauphöll Íslands, sækja enn fram á erlendum markaði og styrkja jafnframt stöðu félagsins hér á landi.

Frekari upplýsingar um TM Software má finna á heimasíðu félagsins www.t.is.



# ÁRSREIKNINGUR 2004

## 90. STARFSÁR - AÐALFUNDUR 4. MARS 2005

## EFNISYFIRLIT


| | |
|---|---|
| Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra | 18 |
| Áritun endurskoðenda | 19 |
| Rekstrarreikningur | 20 |
| Efnahagsreikningur | 22 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 25 |
| Skýringar | 27 |

# SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG FORSTJÓRA

Ársreikningur Burðaráss hf. er í meginatriðum gerður með sambærilegum hætti og ársreikningur félagsins árið á undan, en þó hefur framsetningu rekstrarreiknings og efnahagsreiknings verið breytt til samræmis við breytingu á meginstarfsemi móðurfélagsins. Jafnframt eru tekjur og gjöld af flutningastarfsemi nú sýndar í heild, en áður hafa tekjur af flutningsmiðlun verið sýndar nettó. Breytingin verður til þess að flutningatekjur og flutningagjöld ársins eru 4.423 millj. kr. hærri en verið hefði miðað við óbreyttar aðferðir. Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis. Breytingin hefur ekki áhrif á afkomu samstæðunnar.

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess, sem voru þrjú í árslok. Á árinu keypti félagið allt hlutafé í Urriða ehf. og er rekstur þess félags hluti af samstæðunni frá 20. ágúst 2004. Auk dótturfélaganna eru 59 félög innan samstæðunnar í eigu dótturfélaga þannig að samstæðan inniheldur 63 félög.

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam innleystur hagnaður félagsins á árinu 7.814 millj. kr. Þegar tekið er tillit til óinnleysts gengishagnaðar að fjárhæð 1.527 millj. kr. er heildarhagnaður á árinu 9.341 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar í árslok 84.888 millj. kr. Eigið fé í lok ársins nam 45.544 millj. kr. Eiginfjárhlutfall samstæðunnar í árslok var 53,7%. Í ársreikningnum eru upplýsingar um mat á helstu eignum samstæðunnar.

Dótturfélögin Brim ehf. og Burðarás ehf. voru í mars sameinuð félaginu miðað við 1. janúar 2004 og í kjölfarið var nafni félagsins breytt úr Hf. Eimskipafélag Íslands í Burðarás hf. Í janúar seldi samstæðan dótturfélög Brims ehf. og er sjávarútvegur ekki lengur hluti af starfsemi samstæðunnar. Félagið á nú dótturfélögin Eimskipafélag Íslands ehf., áður Eimskip ehf., sem annast flutningastarfsemi og fjárfestingarfélögin Frumkvöðul ehf. og Urriða ehf.

Í lok september var gengið frá samningum um kaup Burðaráss hf. á 76,8% hlut í Kaldbak hf. Samkvæmt samningunum fengu hluthafar í Kaldbak hf. 0,63784 hluti í Burðarási hf. fyrir hvern hlut í Kaldbak hf. Á hluthafafundi þann 18. október 2004 var samþykkt að hækka hlutafé Burðaráss um 1.119 millj. kr. að nafnverði. Í framhaldi af fundinum samþykkti stjórn félagsins að hækka hlutafé um 859 millj. kr. til að efna fyrrnefnda samninga. Við kaupin myndaðist yfirtökuskylda og gerði Burðarás hf. öðrum hluthöfum Kaldbaks hf. tilboð um að kaupa hluti þeirra með sömu kjörum. Þann 1. október var Kaldbakur hf. sameinaður Burðarási hf. og er Kaldbakur hf. hluti af samstæðureikningi Burðaráss hf. frá sama tíma.

Í ágúst síðastliðnum var gengið frá samningi um kaup Eimskipafélagsins á rekstri færeyska félagsins P/F Skipafelagið Föroyar. Kaupverðið var annars vegar greitt með handbæru fé og hins vegar með útgáfu nýrra hluta í Eimskipafélaginu. P/F Skipafelagið Föroyar er hluti af Eimskips-samstæðunni á síðasta fjórðungi ársins. Þá eignaðist Eimskipafélagið allt hlutafé í Eignarhaldsfélaginu Sundabakka ehf., sem á fasteign Vöruhótelsins.

Hluthafar í Burðarási hf. voru 20.046 í árslok 2004 og fjölgaði þeim um 3.664 á árinu. Tveir hluthafar áttu yfir 10% hlut í félaginu, en það eru Samson Global Holdings Ltd., sem átti 18,9% af heildarhlutafé félagsins og Landsbankinn eignarhaldsfélag ehf. sem átti 14,4% af heildarhlutafé félagsins. Skráð gengi í Kauphöll Íslands á hlutum í félaginu í árslok 2004 var 12,0, en í árslok 2003 var gengið 7,1.

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 20% arður til hluthafa á árinu 2005, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé félagsins á árinu.

Stjórn Burðaráss hf. staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2004 með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. febrúar 2005.

**Stjórn:**

Björgólfur Thor Björgólfsson

Þórunn Guðmundsdóttir    Eggert Magnússon

Sigurjón Þ. Árnason    Þór Kristjánsson

**Forstjóri:**

Friðrik Jóhannsson

# ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Stjórn og hluthafar Burðaráss hf.

Við höfum endurskoðað ársreikning Burðaráss hf. fyrir árið 2004. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess. Hann greinist í skýrslu stjórnar, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 – 57. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2004, efnahag þess 31. desember 2004 og breytingu á handbæru fé á árinu 2004, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 24. febrúar 2005.

Sæmundur Valdimarsson
Kristrún H. Ingólfsdóttir

**KPMG Endurskoðun hf.**

# REKSTRARREIKNINGUR OG YFIRLIT UM HEILDARAFKOMU ÁRSINS 2004

| | Skýr. | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|
| **Fjárfestingartekjur:** | | | |
| Innleystar tekjur af hlutabréfum | 6 | 7.605 | 5.804 |
| Vaxtatekjur | | 1.078 | 662 |
| Vaxtagjöld | | ( 1.328 ) | ( 1.142 ) |
| Gengishagnaður | 3 | 1.516 | 16 |
| | | 8.871 | 5.340 |
| **Rekstrartekjur:** | | | |
| Flutningatekjur | 7 | 23.511 | 22.998 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 641 | 304 |
| | | 24.152 | 23.302 |
| **Rekstrargjöld:** | | | |
| Flutningagjöld | | 19.741 | 19.875 |
| Sölu- og skrifstofukostnaður | | 2.176 | 1.982 |
| Afskriftir | 17,18,30 | 1.458 | 1.122 |
| | | 23.375 | 22.979 |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 9.648 | 5.663 |
| Tekjuskattur | 31,32 | ( 1.834 ) | ( 642 ) |
| **Innleystur hagnaður af áframhaldandi starfsemi** | | 7.814 | 5.021 |
| **Óinnleystar tekjur og gjöld:** | | | |
| Óinnleystur gengismunur | 9 | 9.249 | 2.754 |
| Innleystur gengismunur færður á innleystar tekjur af hlutabréfum | | ( 7.249 ) | ( 5.498 ) |
| Tekjuskattur | 31,32 | ( 363 ) | 494 |
| | | 1.637 | ( 2.250 ) |
| Gengisáhrif erlendra dótturfélaga | | ( 110 ) | 117 |
| **Óinnleystur hagnaður (tap)** | | 1.527 | ( 2.133 ) |
| **Heildarhagnaður af áframhaldandi starfsemi** | | 9.341 | 2.888 |
| Aflögð starfsemi | 33 | 0 | ( 684 ) |
| **Hagnaður færður á eigið fé** | | 9.341 | 2.204 |
| **Hagnaður á hlut:** | 11 | | |
| Innleystur hagnaður á hverja krónu hlutafjár | | 1,74 | 1,03 |
| Óinnleystur hagnaður á hverja krónu hlutafjár | | 0,34 | ( 0,44 ) |
| Aflögð starfsemi á hverja krónu hlutafjár | | 0,00 | ( 0,14 ) |
| Heildarhagnaður á hverja krónu hlutafjár | | 2,08 | 0,45 |
| Þynntur heildarhagnaður á hverja krónu hlutafjár | | 2,08 | 0,45 |

*Fjárhæðir eru í milljónum króna*

# REKSTRARREIKNINGUR OG YFIRLIT UM HEILDARAFKOMU EFTIR STARFSÞÁTTUM ÁRIÐ 2004

| | Fjár-festingar-starfsemi 2004 | Flutninga-starfsemi 2004 |
|---|---|---|
| **Fjárfestingartekjur:** | | |
| Innleystar tekjur af hlutabréfum | 7.631 | ( 26 ) |
| Vaxtatekjur | 1.048 | 272 |
| Vaxtagjöld | ( 1.057 ) | ( 513 ) |
| Gengishagnaður | 1.188 | 328 |
| | 8.810 | 61 |
| **Rekstrartekjur:** | | |
| Flutningatekjur | 0 | 23.511 |
| Aðrar rekstrartekjur | 161 | 552 |
| | 161 | 24.063 |
| **Rekstrargjöld:** | | |
| Flutningagjöld | 0 | 19.741 |
| Sölu- og skrifstofukostnaður | 481 | 1.767 |
| Afskriftir | 87 | 1.371 |
| | 568 | 22.879 |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | 8.403 | 1.245 |
| Tekjuskattur | ( 1.579 ) | ( 255 ) |
| **Innleystur hagnaður af áframhaldandi starfsemi** | 6.824 | 990 |
| **Óinnleystar tekjur og gjöld:** | | |
| Óinnleystur gengismunur | 9.249 | 0 |
| Innleystur gengismunur færður á innleystar tekjur af hlutabréfum | ( 7.249 ) | 0 |
| Tekjuskattur | ( 363 ) | 0 |
| | 1.637 | 0 |
| Gengisáhrif erlendra dótturfélaga | 0 | ( 110 ) |
| **Óinnleystur hagnaður (tap)** | 1.637 | ( 110 ) |
| **Hagnaður færður á eigið fé** | 8.461 | 880 |

* Viðskipti milli starfsþáttanna eru ekki tekin út

*Fjárhæðir eru í milljónum króna*

# EFNAHAGSREIKNINGUR

| Eignir | Skýr. | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|
| **Verðbréf:** | | | |
| Eignarhlutir í skráðum félögum | 14,36 | 47.416 | 5.722 |
| Eignarhlutir í óskráðum félögum | 14,37 | 3.051 | 2.715 |
| Önnur verðbréf | 15,38 | 6.318 | 889 |
| | | 56.785 | 9.326 |
| **Kröfur:** | | | |
| Viðskiptakröfur | 16 | 4.231 | 6.890 |
| Tekjuskattseign | 21 | 50 | 26 |
| Aðrar kröfur | | 1.720 | 728 |
| | | 6.001 | 7.644 |
| **Aðrar eignir:** | | | |
| Óefnislegar eignir | 17,39 | 5.271 | 12.700 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 18,40 | 12.239 | 18.331 |
| Birgðir | 19 | 214 | 1.906 |
| Handbært fé | 20 | 4.378 | 3.454 |
| | | 22.102 | 36.391 |
| **Eignir samtals** | | 84.888 | 53.361 |

*Fjárhæðir eru í milljónum króna*

## Eigið fé, hlutdeild minnihluta og skuldir

| | Skýr. | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | | |
| Hlutafé | | 5.334 | 4.023 |
| Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár | | 19.188 | 3.121 |
| Óráðstafað eigið fé | | 18.829 | 11.651 |
| Óinnleystur gengishagnaður | | 2.193 | 666 |
| | 47,48 | 45.544 | 19.461 |
| **Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga** | | 659 | 183 |
| **Tekjuskattsskuldbinding** | 51 | 3.927 | 1.031 |
| **Skuldir:** | | | |
| Lántökur | 53 | 28.691 | 27.584 |
| Viðskiptaskuldir | | 3.970 | 2.288 |
| Skattar ársins | | 208 | 192 |
| Aðrar skuldir | | 1.889 | 2.622 |
| | | 34.758 | 32.686 |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | | 38.685 | 33.717 |
| **Eigið fé, hlutdeild minnihluta og skuldir samtals** | | 84.888 | 53.361 |
| **Skuldbindingar utan efnahagsreiknings og ábyrgðarskuldbindingar** | 41,42,43, 46,50,52 | | |

*Fjárhæðir eru í milljónum króna*

# EFNAHAGSREIKNINGUR EFTIR STARFSÞÁTTUM 31. DESEMBER 2004*

| Eignir | Fjár-festingar-starfsemi 2004 | Flutninga-starfsemi 2004 |
|---|---|---|
| **Verðbréf:** | | |
| Eignarhlutur í dótturfélagi | 5.685 | 0 |
| Eignarhlutir í skráðum félögum | 47.416 | 0 |
| Eignarhlutir í óskráðum félögum | 2.935 | 116 |
| Önnur verðbréf | 6.318 | 0 |
| | 62.354 | 116 |
| **Kröfur:** | | |
| Viðskiptakröfur | 85 | 4.146 |
| Tekjuskattseign | 0 | 50 |
| Aðrar kröfur | 323 | 1.409 |
| | 408 | 5.605 |
| **Aðrar eignir:** | | |
| Óefnislegar eignir | 4.201 | 1.070 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 149 | 12.590 |
| Birgðir | 0 | 214 |
| Handbært fé | 3.029 | 1.349 |
| | 7.379 | 15.223 |
| **Eignir samtals** | 70.141 | 20.944 |
| **Eigið fé, hlutdeild minnihluta og skuldir** | | |
| **Eigið fé:** | | |
| Hlutafé | 5.334 | 3.697 |
| Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár | 19.188 | 1.373 |
| Óráðstafað eigið fé | 18.829 | 1.527 |
| Óinnleystur gengishagnaður | 2.193 | ( 13 ) |
| | 45.544 | 6.584 |
| **Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga** | 0 | 272 |
| **Tekjuskattsskuldbinding** | 3.812 | 115 |
| **Skuldir:** | | |
| Lántökur | 18.526 | 10.165 |
| Viðskiptaskuldir | 1.968 | 2.002 |
| Skattar ársins | 0 | 208 |
| Aðrar skuldir | 291 | 1.598 |
| | 20.785 | 13.973 |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | 24.597 | 14.088 |
| **Eigið fé, hlutdeild minnihluta og skuldir samtals** | 70.141 | 20.944 |

* Viðskipti milli starfsþáttanna eru ekki tekin út

*Fjárhæðir eru í milljónum króna*

# YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2004

| | Skýr. | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | |
| Innleystur hagnaður ársins af áframhaldandi starfsemi | 48 | 7.814 | 5.021 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Innleystur hagnaður af sölu eigna | | ( 7.398 ) | ( 5.580 ) |
| Afskriftir | 30 | 1.458 | 1.122 |
| Verðbætur og gengismunur | | ( 736 ) | ( 161 ) |
| Tekjuskattur | | 1.533 | 557 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga og hlutdeild minnihluta | | ( 3 ) | 18 |
| Veltufé frá rekstri | | 2.668 | 977 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum | | ( 829 ) | 369 |
| Handbært fé frá rekstri | | 1.839 | 1.346 |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | |
| Fjárfesting í dótturfélögum að frádregnu yfirteknu handbæru fé | | 1.369 | 0 |
| Sala á eignarhlutum í dótturfélögum að frádregnu seldu handbæru fé | | 19.768 | 0 |
| Fjárfesting í eignarhlutum í félögum | | ( 55.022 ) | ( 7.510 ) |
| Söluverð eignarhluta í félögum | | 26.933 | 7.835 |
| Önnur verðbréf, breyting | | ( 2.262 ) | 532 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 40 | ( 3.028 ) | ( 160 ) |
| Söluverð seldra rekstrarfjármuna | | 985 | 430 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 11.257 ) | 1.127 |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | |
| Selt og keypt hlutafé | | 1.188 | ( 87 ) |
| Greiddur arður til hluthafa | 48 | ( 636 ) | ( 460 ) |
| Tekin ný lán | | 16.540 | 1.422 |
| Afborganir lána | | ( 6.709 ) | ( 1.297 ) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 10.383 | ( 422 ) |
| Gengisbreyting á handbæru fé erlendra dótturfélaga | | ( 41 ) | 4 |
| Aflögð starfsemi | | 0 | 311 |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 924 | 2.366 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | 20 | 3.454 | 1.088 |
| **Handbært fé í árslok** | 20 | 4.378 | 3.454 |
| **Aðrar upplýsingar:** | | | |
| Greidd vaxtagjöld af lánum | | 907 | 686 |
| Greiddur tekjuskattur | | 109 | 85 |
| **Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa:** | | | |
| Fjárfesting í félögum | | ( 16.189 ) | ( 8.037 ) |
| Seldir eignarhlutir í öðrum félögum | | 0 | 8.052 |
| Keyptir eignarhlutir í öðrum félögum | | ( 604 ) | ( 15 ) |
| Selt hlutafé | | 16.189 | 0 |
| Selt hlutafé til minnihluta | | 440 | 0 |
| Yfirteknar eignir | | ( 65 ) | 0 |
| Tekin ný lán | | 229 | 0 |

*Fjárhæðir eru í milljónum króna*

# YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI EFTIR STARFSÞÁTTUM ÁRIÐ 2004*

| | Fjár-festingar-starfsemi 2004 | Flutninga-starfsemi 2004 |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | |
| Innleystur hagnaður af áframhaldandi starfsemi | 6.824 | 990 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | |
| Innleystur hagnaður af sölu eigna | ( 7.254 ) | ( 144 ) |
| Afskriftir | 87 | 1.371 |
| Verðbætur og gengismunur | ( 465 ) | ( 401 ) |
| Tekjuskattur | 1.478 | 55 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga og hlutdeild minnihluta | 0 | 14 |
| Veltufé frá rekstri | 670 | 1.885 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum | ( 626 ) | ( 233 ) |
| Handbært fé frá rekstri | 44 | 1.652 |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | |
| Fjárfesting í eignarhlutum í dótturfélögum að frádregnu yfirteknu handbæru fé | 3.474 | ( 2.105 ) |
| Sala á eignarhlutum í dótturfélögum að frádregnu seldu handbæru fé | 19.768 | 0 |
| Fjárfesting í eignarhlutum í félögum | ( 55.022 ) | 0 |
| Söluverð eignarhluta í félögum | 26.898 | 35 |
| Önnur verðbréf, breyting | 1.879 | 172 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | ( 145 ) | ( 2.883 ) |
| Söluverð seldra rekstrarfjármuna | 506 | 479 |
| Fjárfestingarhreyfingar | ( 2.642 ) | ( 4.302 ) |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | |
| Selt og keypt hlutafé | 1.188 | 0 |
| Greiddur arður til hluthafa | ( 636 ) | 0 |
| Tekin ný lán | 9.521 | 8.852 |
| Afborganir lána | ( 6.000 ) | ( 6.712 ) |
| Fjármögnunarhreyfingar | 4.073 | 2.140 |
| Gengisbreyting á handbæru fé erlendra dótturfélaga | 0 | ( 41 ) |
| **Hækkun á handbæru fé** | 1.475 | ( 551 ) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | 1.554 | 1.900 |
| **Handbært fé í árslok** | 3.029 | 1.349 |
| **Aðrar upplýsingar:** | | |
| Greidd vaxtagjöld af lánum | 766 | 477 |
| Greiddur tekjuskattur | 0 | 109 |
| **Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa:** | | |
| Keyptir eignarhlutir í félögum | ( 16.189 ) | ( 604 ) |
| Selt hlutafé | 16.189 | 2.061 |
| Seldar fasteignir | 1.621 | 0 |
| Fjárfesting í dótturfélagi | ( 1.621 ) | 0 |
| Keyptar fasteignir | 0 | ( 1.621 ) |
| Yfirteknar eignir | 0 | ( 65 ) |
| Tekin ný lán | 0 | 229 |

* Viðskipti milli starfsþáttanna eru ekki tekin út

*Fjárhæðir eru í milljónum króna*

# Reikningsskilaaðferðir

## Grundvöllur reikningsskilanna

**1.** Ársreikningur Burðaráss hf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess, Eimskipafélags Íslands ehf., Frumkvöðuls ehf. og Urriða ehf. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur félagsins árið 2003. Framsetningu rekstrarreiknings og efnahagsreiknings hefur verið breytt til samræmis við breytingu á meginstarfsemi móðurfélagsins. Tekjur og gjöld af flutningastarfsemi eru nú sýndar í heild, en áður hafa tekjur af flutningsmiðlun verið sýndar nettó. Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis. Breytingin hefur ekki áhrif á afkomu samstæðunnar. Nánari grein er gerð fyrir breytingunum í skýringu 23. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum.

**2.** Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags. Ársreikningur dótturfélagsins er innifalinn í samstæðureikningi félagsins frá því yfirráð hefjast og þar til þeim lýkur.

Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli félaganna er felldur út í samstæðu-reikningnum.

## Erlendir gjaldmiðlar

**3.** Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2004. Rekstrartekjur og rekstrargjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

## Ársreikningar erlendra dótturfélaga

**4.** Starfsemi flestra af dótturfélögum samstæðunnar erlendis er talin aðskiljanlegur hluti frá starfsemi móðurfélags þeirra. Í samræmi við það eru eignir og skuldir félaganna, að meðtalinni viðskiptavild, umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi í árslok. Tekjur og gjöld félaganna eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við meðalgengi ársins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður á sérstakan lið meðal eigin fjár, óinnleystan gengismun, og undir liðnum gengisáhrif erlendra dótturfélaga í yfirliti um heildarafkomu.

Starfsemi nokkurra af dótturfélögum samstæðunnar erlendis er nátengd starfsemi móðurfélags þeirra. Í samræmi við það eru peningalegar eignir og skuldir þessara félaga umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi í árslok. Óefnislegar eignir þeirra og rekstrarfjármunir eru umreiknaðir í íslenskar krónur miðað við gengi þegar þessar eignir voru keyptar. Tekjur og gjöld, önnur en afskriftir, eru umreiknuð í íslenskar krónur miðað við meðalgengi ársins. Afskriftir eru umreiknaðar miðað við kaupgengi afskrifaðra eigna. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður á gengismun í rekstrarreikningi.

## Áhættuvarnir vegna peningalegra eigna og skulda

**5.** Afleiðusamningar eru notaðir til að verjast gengisáhættu peningalegra eigna og skulda. Afkoma af áhættuvörninni er færð í rekstrarreikning.

Afleiðusamningar sem notaðir eru til að verja framtíðarviðskipti eru færðir í ársreikning á sama tíma og viðskiptin sem varin eru.

## Innleystar tekjur af hlutabréfum

**6.** Undir innleystar tekjur af hlutabréfum fellur hagnaðar af sölu hlutabréfa og arðstekjur. Arður af eignarhlutum er tekjufærður í rekstrarreikningi við samþykkt á úthlutun hans.

## Flutningatekjur

**7.** Flutningatekjur eru tekjur flutningaskipa, vöruafgreiðslu, flutningsmiðlunar og tekjur af for- og áframflutningi, svo sem farmgjöld, akstur og aðrar þjónustutekjur. Flutningatekjur skipa eru færðar til tekna miðað við stöðu ferða um áramót. Þannig er færsla í rekstrarreikning gerð með þeim hætti að tekjum og gjöldum af ferðum sem standa yfir um áramót er skipt milli mánaða með hliðsjón af lengd ferða.

## Sölu- og skrifstofukostnaður

**8.** Sölu- og skrifstofukostnaður samanstendur af launakostnaði, kostnaði við tölvu- og upplýsingakerfi, aðkeyptri þjónustu, auglýsingum og kynningum, þróunarkostnaði og öðrum almennum skrifstofukostnaði, svo sem vegna húsnæðis, áhalda og tækja.

## Óinnleystur gengismunur

**9.** Markaðsvirði skráðra hlutabréfa í heild er hærra en kostnaðarverð þeirra og er mismunurinn færður sem óinnleystur gengishagnaður meðal eigin fjár, en breytingin á árinu er færð undir liðnum óinnleystar tekjur og gjöld í rekstrarreikningi og í yfirliti um heildarafkomu.

Matsverð eignarhluta í óskráðum hlutabréfum hefur verið áætlað, en við matið var stuðst við síðustu þekktu viðskipti með hlutabréf félaganna og tekið mið af nýjustu upplýsingum um afkomu og efnahag þeirra. Áætlað matsverð eignarhlutanna í heild er lægra en kostnaðarverð þeirra. Hækkun niðurfærslunnar á árinu nam 128 millj. kr., sem er annars vegar lækkun vegna innlausnar á tapi að fjárhæð 123 millj. kr. og hins vegar hækkun á niðurfærslu á öðrum bréfum að fjárhæð 251 millj. kr. Hækkunin er færð á óinnleystan gengismun í rekstrarreikningi og í yfirliti um heildarafkomu. Niðurfærslan nemur samtals 964 millj. kr. í árslok.

### Aflögð starfsemi

**10.** Í ársbyrjun 2004 var sjávarútvegsstarfsemi samstæðunnar lögð af þegar dótturfélögin Haraldur Böðvarsson hf., Skagstrendingur hf. og Útgerðarfélag Akureyringa hf. voru seld.

Ársreikningar félaganna eru felldir út úr samstæðunni miðað við árslok 2003. Áhrif félaganna á rekstur samstæðunnar og sjóðstreymi árið 2003 hafa verið dregin út úr áframhaldandi starfsemi og færð undir aflagða starfsemi. Áhrif þessa á afkomu ársins 2003 eru þau að tap af aflagðri starfsemi nam 684 millj. kr.

### Hagnaður á hlut

**11.** Hagnaður á hlut er hlutfall hagnaðar og vegins meðaltals hlutafjár á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár. Innleystur hagnaður af áframhaldandi starfsemi á árinu nemur 7.814 millj. kr. og heildarhagnaður 9.341 millj. kr. Vegið meðaltal hlutafjár var 4.493 millj. kr. Við útreikning á þynntum hagnaði á hlut er tekið tillit til áhrifa kaupréttarsamninga, sem gerðir hafa verið við starfsmenn félagsins og væntanlegrar afhendingar hlutabréfa vegna þeirra að nafnverði 9 millj. kr. Jafnframt er tekið tillit til innleystra kauprétta á árinu. Félagið hefur ekki tekið lán sem breytanleg eru í hlutafé.

### Starfsþáttayfirlit

**12.** Starfsþáttayfirlit sýnir rekstur, efnahag og sjóðstreymi tveggja meginstoða félagsins, fjárfestingarstarfsemi og flutningastarfsemi, þar á meðal skiptingu rekstrartekna og rekstrargjalda eftir starfsþáttum.

### Dótturfélög

**13.** Eignarhlutir í dótturfélögum eru eignfærðir á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra, að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeildar í eigin fé þeirra við kaup. Sá hluti yfirverðs sem tengist varanlegum rekstrarfjármunum er í samstæðureikningi færður til hækkunar á þeim og afskrifaður með sama hætti. Annað yfirverð er fært sem viðskiptavild og er hún gjaldfærð á fimm til tuttugu árum.

### Eignarhlutir í skráðum og óskráðum félögum

**14.** Eignarhlutir í félögum, sem skráðir eru á hlutabréfamarkaði, eru færðir til eignar á síðasta viðskiptaverði ársins.

Eignarhlutir í félögum, sem ekki eru skráðir á hlutabréfamarkaði, eru færðir á kaupverði að frádreginni niðurfærslu. Matsverð eignarhlutanna hefur verið áætlað, en við matið var stuðst við síðustu þekktu viðskipti með hlutabréf félaganna og tekið mið af nýjustu upplýsingum um afkomu þeirra og efnahag.

### Önnur verðbréf

**15.** Önnur verðbréf samanstanda af skuldabréfum, hlutdeildarskírteinum í verðbréfasjóðum og afleiðusamningum. Skráð skuldabréf og hlutdeildarskírteini eru færð til eignar á markaðsgengi í árslok. Óskráð skuldabréf eru færð til eignar á kaupverði að frádreginni niðurfærslu, sem mæta á tapsáhættu vegna bréfanna.

### Skammtímakröfur

**16.** Kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

### Óefnislegar eignar

**17.** Óefnislegar eignir í ársbyrjun samanstóðu af aflaheimildum og viðskiptavild. Aflaheimildirnar tilheyrðu dótturfélögum, sem hafa verið seld og hafa því verið færð út úr samstæðureikningnum í árslok.

Yfirtökur á öðrum félögum eru gerðar í samræmi við kaupaðferð. Viðskiptavild sem myndast við kaup á eignarhlutum í dóttur- og hlutdeildarfélögum svarar til mismunar á upphaflegu kaupverði eignarhlutanna annars vegar og hlutdeildar í eigin fé félags á kaupdegi hins vegar. Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu. Niðurfærslan er reiknuð sem fastur árlegur hundraðshluti og er hún gjaldfærð með afskriftum í rekstrarreikningi.

Viðskiptavild sem myndaðist við kaup félagsins á Kaldbak hf. á árinu svarar til mismunar á upphaflegu kaupverði hlutanna og gangvirði hreinnar eignar við kaupin.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

**18.** Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir | 25 – 50 ár |
| Skip | 10 – 14 ár |
| Gámar, tæki og áhöld | 3 – 10 ár |

### Birgðir

**19.** Birgðir eru metnar á síðasta innkaupsverði.

### Handbært fé

**20.** Markaðsverðbréf, sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

### Tekjuskattsskuldbinding og tekjuskattseign

**21.** Tekjuskattsskuldbinding er færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar einkum um að ræða tímabundna mismuni vegna heimildar til að fresta skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum og óinnleystum gengismun hlutabréfa. Tekjuskattseign vegna yfirfæranlegs skattalegs taps er færð til lækkunar á tekjuskattsskuldbindingu af efnahagsliðum.

Tekjuskattur á afkomu ársins innifelur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur af innleystum hagnaði er færður sem sérstakur liður sem og tekjuskattur af óinnleystum gengismun. Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður skattur ársins miðað við gildandi skatthlutföll.

### Alþjóðleg reikningsskil

**22.** Félagið mun í samræmi við reglur um birtingu ársreikninga skráðra félaga í Kauphöll Íslands breyta reikningsskilum sínum til samræmis við alþjóðlegar reglur um gerð samstæðureikningsskila frá og með árinu 2005. Félagið hefur hafið undirbúning að þessum breytingum. Ekki liggur fyrir hversu mikil áhrif þær kunna að hafa á bókfært eigið fé félagsins.

## Breytingar á framsetningu rekstrarreiknings og efnahagsreiknings

**23.** Framsetningu rekstrarreiknings og efnahagsreiknings hefur verið breytt til samræmis við breytingu á meginstarfsemi móðurfélagsins. Breytingin hefur ekki áhrif á afkomu félagsins og eigin fé þess, en einstökum liðum í rekstrarreikningi og efnahagsreikningi er nú skipað saman með öðrum hætti en var.

Tekjur og gjöld af flutningastarfsemi eru nú sýndar í heild, en áður hafa tekjur af flutningsmiðlun verið sýndar nettó. Breytt framsetning tekna og gjalda af flutningsmiðlun veldur því að flutningatekjur og flutningagjöld ársins eru 4.423 millj. kr. hærri en verið hefði miðað við óbreyttar aðferðir. Breytingin hefur ekki áhrif á afkomu samstæðunnar.

## Breytingar á samstæðunni

**24.** Í ársbyrjun 2004 voru dótturfélögin Haraldur Böðvarsson hf., Skagstrendingur hf. og Útgerðarfélag Akureyringa hf. seld. Söluverð eignarhlutanna að frádregnum beinum kostnaði við söluna, nam 20.724 millj. kr. og var það greitt með handbæru fé. Söluhagnaður nemur 4.105 millj. kr.

Ársreikningar félaganna eru ekki hluti af samstæðunni á árinu 2004. Áhrif félaganna á rekstur samstæðunnar og sjóðstreymi árið 2003 hafa verið dregin út úr áframhaldandi starfsemi og færð undir aflagða starfsemi.

Í janúar 2004 eignaðist samstæðan allt hlutafé í Skipaafgreiðslu Suðurnesja ehf., sem var sameinuð Eimskipafélagi Íslands ehf. Þá eignaðist samstæðan 51% hlutafjár í CTG AS, Noregi, í lok mars og eru reikningsskil CTG hluti af samstæðunni frá 1. apríl. Rekstur P/F Skipafélagsins Föroyar í Færeyjum var keyptur og er hluti af samstæðunni á fjórða ársfjórðungi. Þá eignaðist Eimskipafélagið allt hlutafé í Eignarhaldsfélaginu Sundabakka ehf.

Burðarás hf. eignaðist í ágúst allt hlutafé í Urriða ehf. og er rekstur félagsins hluti af samstæðunni frá þeim tíma. Í október 2004 eignaðist félagið allt hlutafé í Kaldbak hf. og var félagið sameinað Burðarási hf. miðað við 1. október og er því rekstur Kaldbaks hf. hluti af samstæðunni á fjórða ársfjórðungi.

**24. Frh.:**

Breytingarnar hafa eftirfarandi áhrif á eignir og skuldir samstæðunnar:

| | Kaldbakur hf. | Dótturfélög Brims ehf. | Dótturfélög Eimskipafélags Íslands ehf. |
|---|---|---|---|
| Verðbréf | 10.692 | ( 315 ) | 0 |
| Kröfur | 192 | ( 5.999 ) | 1.288 |
| Óefnislegar eignir | 0 | ( 12.674 ) | 686 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 6 | ( 10.558 ) | 3.489 |
| Handbært fé | 3.474 | ( 478 ) | 245 |
| Minnihluti | 0 | 127 | ( 179 ) |
| Skuldbindingar | ( 1.319 ) | 535 | ( 35 ) |
| Skuldir | ( 1.107 ) | 12.743 | ( 3.230 ) |
| Hrein eign | 11.938 | ( 16.619 ) | 2.264 |
| Viðskiptavild | 4.251 | 0 | |
| Kaupverð (söluverð) eignarhluta | 16.189 | ( 20.724 ) | |
| Söluhagnaður | 0 | ( 4.105 ) | |
| Keypt (selt) handbært fé | 3.474 | ( 478 ) | |
| Móttekið handbært fé | 0 | 20.246 | |
| Hækkun handbærs fjár | 3.474 | 19.768 | |

Áhrif af kaupum á Urriða ehf. á eignir samstæðunnar eru þau að verðbréf hækka um 5.188 millj. kr., tekjuskattsskuldbinding hækkar um 68 millj. kr. og krafa Burðaráss hf. á Urriða ehf. lækkar um 4.809 millj. kr. á móti í samstæðunni.

## Ársfjórðungayfirlit

**25.** Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga:

| | 1. ársfjórðungur | 2. ársfjórðungur | 3. ársfjórðungur | 4. ársfjórðungur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjárfestingartekjur | 5.153 | 202 | 1.726 | 1.790 | 8.871 |
| Rekstrartekjur | 5.553 | 6.441 | 6.156 | 6.002 | 24.152 |
| Rekstrargjöld | ( 5.618 ) | ( 6.055 ) | ( 5.816 ) | ( 5.886 ) | ( 23.375 ) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | 5.088 | 588 | 2.066 | 1.906 | 9.648 |
| Tekjuskattur | ( 722 ) | ( 107 ) | ( 618 ) | ( 387 ) | ( 1.834 ) |
| Innleystur hagnaður af áframhaldandi starfsemi | 4.366 | 481 | 1.448 | 1.519 | 7.814 |
| Óinnleystur hagnaður (tap) | 566 | 1.551 | 3.319 | ( 3.909 ) | 1.527 |
| Hagnaður færður á eigið fé | 4.932 | 2.032 | 4.767 | ( 2.390 ) | 9.341 |

*Fjárhæðir eru í milljónum króna*

## Aðrar rekstrartekjur

**26.** Aðrar rekstrartekjur greinast þannig:

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna | 257 | 64 |
| Aðrar rekstrartekjur | 384 | 240 |
| Aðrar rekstrartekjur samtals | 641 | 304 |

## Laun og launatengd gjöld

**27.** Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| Laun | 4.514 | 3.728 |
| Launatengd gjöld | 773 | 723 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 5.287 | 4.451 |
| Starfsmenn að meðaltali á árinu | 1.086 | 1.034 |

## Starfskjör stjórnenda

**28.** Launagreiðslur og hlunnindi til stjórnenda félagsins vegna starfa fyrir félög í samstæðunni, kaupréttarsamningar þeirra og eignarhlutir í félaginu greinast þannig:

| | Laun og hlunnindi | Söluréttir | Eignar-hlutur í árslok 2) |
|---|---|---|---|
| Friðrik Jóhannsson, forstjóri Burðaráss hf. | 17,5 1) | 5,0 | 5,1 |
| Baldur Guðnason, forstjóri Eimskipafélags Íslands ehf. | 16,4 4) | | |
| Núverandi stjórnarmenn:3) | | | |
| Þór Kristjánsson | 0,4 | | 14,5 |
| Eggert Magnússon | | | 11,1 |
| Fyrrverandi stjórnarmenn: | | | |
| Magnús Gunnarsson, fyrrverandi stjórnarformaður | 1,1 5) | | |
| Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson | 0,4 | | |
| Pálmi Haraldsson | 0,4 | | |
| Sindri Sindrason | 0,4 | | |
| Þórður Magnússon | 0,4 | | |

1) Forstjóri innleysti kauprétt á árinu og er hagnaður innifalinn í launum.
2) Með eignarhlutum framangreindra aðila eru taldir eignarhlutir sem eru í eigu maka þeirra, ófjárráða barna og félaga sem þeir ráða, ef um það er að ræða.
3) Stjórnarlaun núverandi stjórnar vegna starfsársins 2004 verða ákveðin á aðalfundi félagsins 2005.
4) Með launum Baldurs eru talin stjórnalaun hans.
5) Að auki hefur félag í eigu Magnúsar Gunnarssonar, fyrrverandi stjórnarformanns, fengið greiddar 22 millj. kr.

## Þóknun endurskoðenda

**29.** Þóknun til endurskoðenda félagsins sundurliðast þannig:

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| Endurskoðun ársreiknings | 28 | 22 |
| Könnun árshlutareikninga | 31 | 12 |
| Önnur þjónusta | 21 | 20 |
| Samtals | 80 | 54 |

Þar af er þóknun til annarra en KPMG á Íslandi 21 millj. kr.

## Afskriftir

**30.** Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| Niðurfærsla viðskiptavildar, sbr. skýringu 39 | 135 | 23 |
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 40 | 1.323 | 1.099 |
| Fært í rekstrarreikning sem afskriftir | 1.458 | 1.122 |

## Tekjuskattur

**31.** Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| Tekjuskattur móðurfélags | 1.492 | 579 |
| Tekjuskattur dótturfélaga | 342 | 63 |
| Tekjuskattur í rekstrarreikningi | 1.834 | 642 |

**32.** Virkur tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| Hagnaður fyrir skatta | 9.648 | 5.663 |
| Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall, 18% | 1.737 | 1.019 |
| Óskattskyldar arðstekjur | ( 64 ) | ( 54 ) |
| Leiðrétting á skattalegu kostnaðarverði eignarhluta | 0 | ( 339 ) |
| Aðrir liðir | 161 | 16 |
| Tekjuskattur í rekstrarreikningi | 1.834 | 642 |

*Fjárhæðir eru í milljónum króna*

## Aflögð starfsemi

**33.** Áhrif aflagðrar starfsemi á rekstur 2003 greinist þannig:

| | 2003 |
|---|---|
| Fjárfestingartekjur | ( 360 ) |
| Rekstrartekjur | 13.192 |
| Rekstrargjöld | ( 13.496 ) |
| Tap fyrir tekjuskatt | ( 664 ) |
| Tekjuskattur | 63 |
| Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfélaga | ( 26 ) |
| Innleyst tap ársins | ( 627 ) |
| Óinnleystar tekjur og gjöld | ( 57 ) |
| Aflögð starfsemi samtals | ( 684 ) |

## Hagnaður á hlut

**34.** Útreikningur hagnaðar á hlut byggir á hagnaði og vegnu meðaltali hlutafjár á árinu.

| Vegið meðaltal hlutafjár | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| Virkt hlutafé í ársbyrjun | 4.023 | 5.124 |
| Áhrif útgáfu hlutafjár við kaup á Kaldbak hf. | 286 | 0 |
| Aðrar breytingar hlutafjár | 184 | ( 253 ) |
| Vegið meðaltal hlutafjár | 4.493 | 4.871 |

**Þynntur hagnaður á hlut**

Útreikningur á þynntum hagnaði á hlut byggir á hagnaði og vegnu meðaltali hlutafjár, þegar tekið hefur verið tillit til áhrifa kaupréttarsamninga.

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| Vegið meðaltal hlutafjár 31.12. | 4.493 | 4.871 |
| Áhrif kaupréttarsamninga | 5 | 16 |
| Vegið meðaltal hlutafjár (þynnt) | 4.498 | 4.887 |

## Verðbréf

**Dótturfélög**

**35.** Í árslok 2004 átti félagið þrjú dótturfélög, en þau voru einnig þrjú í ársbyrjun. Í ársbyrjun 2004 voru dótturfélögin Brim ehf. og Burðarás ehf. sameinuð Hf. Eimskipafélagi Íslands og í kjölfarið var nafni félagsins breytt í Burðarás hf. Félagið á nú dótturfélögin Eimskipafélag Íslands ehf., áður Eimskip ehf., sem annast flutningastarfsemi, Frumkvöðul ehf., sem ásamt móðurfélaginu sér um fjárfestingastarfsemi samstæðunnar og Urriða ehf. sem var keyptur í ágúst.

*Fjárhæðir eru í milljónum króna*

### Skráð félög

**36.** Eignarhlutir samstæðunnar í skráðum félögum greinast þannig:

| | Eignarhlutur | Bókfært verð |
|---|---|---|
| Actavis Group hf., Hafnarfirði | 2,8% | 2.996 |
| D. Carnegie & Co. AB, Svíþjóð | 20,3% | 10.753 |
| Kaupþing Búnaðarbanki hf., Reykjavík | 1,2% | 3.520 |
| Landsbanki Íslands hf., Reykjavík | 4,5% | 4.388 |
| Marel hf., Garðabæ | 34,3% | 3.947 |
| Singer & Friedlander plc., Bretlandi | 9,5% | 5.136 |
| Straumur Fjárfestingarbanki hf., Reykjavík | 9,5% | 4.897 |
| Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hf., Reykjavík | 31,0% | 3.875 |
| Eignarhlutir í 39 öðrum skráðum félögum | | 7.904 |
| | | 47.416 |

### Óskráð félög

**37.** Eignarhlutir samstæðunnar í óskráðum félögum greinast þannig:

| | Eignarhlutur | Bókfært verð |
|---|---|---|
| Carrera Global Investment Ltd., Bresku Jómfrúareyjum | 8,9% | |
| Fasteignafélagið Stoðir hf., Reykjavík | 3,3% | |
| Flow Matrix Co., Bandaríkjunum | 41,4% | |
| Tölvumyndir hf., Kópavogi | 41,3% | |
| Eignarhlutir í 88 öðrum óskráðum félögum | | |
| | | 3.051 |

## Önnur verðbréf

**38.** Önnur verðbréf greinast þannig:

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| Verðbréfasjóðir | 2.878 | 0 |
| Skuldabréf | 3.243 | 889 |
| Afleiðusamningar | 197 | 0 |
| Önnur verðbréf í árslok | 6.318 | 889 |

## Óefnislegar eignir

**39.** Viðskiptavild greinist þannig:

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| Viðskiptavild 1.1. | 781 | 804 |
| Viðbót á árinu | 5.418 | 47 |
| Fært úr samstæðu | ( 756 ) | 0 |
| Gengismunur | ( 37 ) | 1 |
| Niðurfærsla á árinu | ( 135 ) | ( 71 ) |
| Viðskiptavild 31.12. | 5.271 | 781 |
| Afskriftahlutfall | 5-20% | 5-20% |

Aflaheimildir í ársbyrjun, 11.919 millj. kr., voru færðar út við sölu dótturfélaga Brims ehf.

*Fjárhæðir eru í milljónum króna*

## Varanlegir rekstrarfjármunir

**40.** Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Fasteignir | Skip | Gámar, tæki og áhöld | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2004 | 11.040 | 15.386 | 14.795 | 41.221 |
| Afskrifað áður | ( 5.407 ) | ( 7.043 ) | ( 10.440 ) | ( 22.890 ) |
| Bókfært verð 1.1.2004 | 5.633 | 8.343 | 4.355 | 18.331 |
| Yfirtekið í samstæðu | 4.085 | 586 | 513 | 5.184 |
| Gengismunur | ( 55 ) | ( 24 ) | ( 28 ) | ( 107 ) |
| Viðbót á árinu | 754 | 1.249 | 1.129 | 3.132 |
| Selt og niðurlagt á árinu | ( 4.720 ) | ( 5.823 ) | ( 2.435 ) | ( 12.978 ) |
| Afskrifað á árinu | ( 207 ) | ( 447 ) | ( 669 ) | ( 1.323 ) |
| Bókfært verð 31.12.2004 | 5.490 | 3.884 | 2.865 | 12.239 |
| Heildarverð 31.12.2004 | 6.288 | 5.424 | 4.776 | 16.488 |
| Afskrifað samtals 31.12.2004 | ( 798 ) | ( 1.540 ) | ( 1.911 ) | ( 4.249 ) |
| Bókfært verð 31.12.2004 | 5.490 | 3.884 | 2.865 | 12.239 |
| Afskriftahlutfall | 2-4% | 7-10% | 10-33% | |

### Kaupleigusamningar

**41.** Vélar og tæki, sem félagið hefur gert kaupleigusamninga um, eru færð til eignar þrátt fyrir eignarrétt leigusala samkvæmt samningum. Eftirstöðvar samninganna námu 491 millj. kr. í árslok 2004 og koma til greiðslu á næstu sex árum.

### Þurrleigusamningar og rekstrarleigusamningar

**42.** Félagið hefur gert þurrleigusamning með kauprétti um eitt skip, auk rekstrarleigusamninga um áhöld og tæki. Skuldbindingar vegna þessara samninga, sem ekki eru færðar í efnahagsreikning, nema allt að 1.017 millj. kr. á næstu fimm árum.

### Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

**43.** Á eignum samstæðunnar hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum, sem voru að eftirstöðvum 2.067 millj. kr. í árslok 2004. Burðarás hf. er þar af í ábyrgðum vegna lána til tveggja dótturfélaga, sem tryggð eru með veði í flutningaskipum, samtals að fjárhæð 913 millj. kr. Burðarás hf. er einnig í ábyrgðum fyrir lánum að fjárhæð 380 millj. kr.

### Fasteignamat, vátryggingarverð og markaðsverð

**44.** Flutningaskip í eigu samstæðunnar voru sjö í árslok 2004. Á árinu seldi félagið tvö skip. Vátryggingarverð skipanna í árslok 2004 nam samtals 5.608 millj. kr., en áætlun um markaðsverð þeirra á sama tíma, sem gerð hefur verið af skipasölumiðlara, nam 4.123 millj. kr. Bókfært verð skipanna nam í árslok 3.884 millj. kr.

**45.** Vátryggingarverð, fasteignamat og bókfært verð í árslok 2004 nam eftirtöldum fjárhæðum:

| | |
|---|---|
| Vátryggingarverð fasteigna | 6.151 |
| Fasteignamat fasteigna og eignarlóða | 4.290 |
| Fasteignamat leigulóða | 2.044 |
| Bókfært verð fasteigna | 5.490 |
| Vátryggingarverð gáma, tækja og áhalda | 5.872 |
| Bókfært verð gáma, tækja og áhalda | 2.865 |

*Fjárhæðir eru í milljónum króna*

### Smíðasamningar

**46.** Dótturfélagið Eimskipafélag Íslands ehf. gerði á árinu samninga um smíði á tveimur nýjum skipum sem afhent verða á árunum 2005 og 2006. Fyrra skipið verður í eigu óskylds aðila, en samstæðan er skuldbundin til að leigja skipið í átta ár. Áætlaður heildarkostnaður vegna byggingar síðara skipsins nemur 894 millj. kr.

## Eigið fé

**47.** Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 5.559 millj. kr. Félagið á eigin hlutabréf að nafnverði 225 millj. kr., sem færð eru til lækkunar á eigin fé. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í móðurfélaginu.

Á aðalfundum félagsins í mars 2001 og 2002 voru samþykktar heimildir stjórnar félagsins til að hækka hlutafé þess um allt að 450 millj. kr. að nafnverði. Gert var ráð fyrir að allt að 150 millj. kr. að nafnverði hlutafjár yrðu nýttar til að bjóða starfsmönnum kaupréttarsamninga í samræmi við samþykkt aðalfundar 2002. Samningar við starfsmenn um sölu á hlutabréfum að nafnverði 9 millj. kr. á genginu 5,8 ávinnast á næstu árum.

Á hluthafafundi félagsins 18. október 2004 var samþykkt heimild til stjórnar félagsins til að hækka hlutafé um allt að 1.119 millj. kr. að nafnverði sem stjórn félagsins hefur þegar nýtt til kaupa á öllum hlutum í Kaldbaki hf.

**48.** Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur hlutafjár | Óráðstafað eigið fé | Óinnleystur gengis-hagnaður | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2004 | 4.023 | 3.121 | 11.651 | 666 | 19.461 |
| Arður til hluthafa | | | ( 636 ) | | ( 636 ) |
| Innleystur hagnaður ársins | | | 7.814 | | 7.814 |
| Óinnleystur gengismunur eignarhluta í öðrum félögum | | | | 1.527 | 1.527 |
| Keypt eigin bréf | ( 30 ) | ( 255 ) | | | ( 285 ) |
| Seld eigin bréf samkvæmt kaupréttarsamningum | 87 | 373 | | | 460 |
| Seld önnur eigin bréf | 135 | 879 | | | 1.014 |
| Selt nýtt hlutafé | 1.119 | 15.070 | | | 16.189 |
| Eigið fé 31.12.2004 | 5.334 | 19.188 | 18.829 | 2.193 | 45.544 |

## Skuldbindingar

### Eftirlaunaskuldbinding

**49.** Skuldbinding samstæðunnar vegna eftirlaunaréttinda starfsmanna nemur 72 millj. kr. í árslok 2004 miðað við 3,0% ársvexti og er hún færð til skuldar í efnahagsreikningi.

Lífeyrissjóður Hf. Eimskipafélags Íslands er í umsjá Burðaráss hf. Félagið og starfsmenn þess greiddu iðgjöld til sjóðsins til ársloka 1991, en frá þeim tíma hefur sjóðurinn ekki tekið við iðgjaldagreiðslum. Á árinu 1995 var reglugerð sjóðsins breytt og skiptist hann nú í tvær deildir, deild I og deild II.

Deild I er ætlað, samkvæmt reglugerð, að standa undir skuldbindingum sínum, en ekki liggur fyrir ótvíræð niðurstaða um hugsanlega ábyrgð félagsins á skuldbindingum hennar. Samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi dugir endurmetið eigið fé deildarinnar fyrir áunnum réttindum sjóðfélaga í árslok 2004 miðað við 3,5% ársvexti.

Samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi nægir endurmetið eigið fé deildar II fyrir áunnum réttindum sjóðfélaga í árslok 2004, en félagið ber ábyrgð á skuldbindingum deildarinnar.

*Fjárhæðir eru í milljónum króna*

## Kaupréttarsamningar

**50.** Stjórn félagsins samþykkti á árinu 2001 að nýta heimild hluthafafundar til að gera kaupréttarsamninga við starfsmenn. Fyrirhugað er að gefa út nýja hluti í félaginu eða nýta eigin hluti til að efna samningana. Kaupréttargengi samkvæmt samningunum var ákveðið meðalgengi í skráðum viðskiptum á tíu daga tímabili næst á undan samningsdegi. Kaupréttargengi samkvæmt samningunum er 5,8.

Kaupréttir að nafnverði 87 millj. kr. hafa verið nýttir á árinu 2004. Söluverð bréfanna nam 460 millj. kr., en markaðsverð bréfanna á sama tíma var um 400 millj. kr. hærra. Viðskipti vegna kaupréttarsamninga hafa verið færð á eigið fé.

Ónýttir kaupréttarsamningar í árslok voru að nafnverði 9 millj. kr. Markaðsverð hlutabréfa samkvæmt ónýttum kaupréttarsamningum er 55 millj. kr. hærra en væntanlegt söluverð þeirra.

Stjórn félagsins hefur veitt forstjóra þess sölurétt á hlutabréfum í félaginu að nafnverði 5 millj. kr. á genginu 10,9. Söluréttturinn er nýtanlegur til 1. ágúst 2007.

## Tekjuskattsskuldbinding og tekjuskattseign

**51.** Tekjuskattsskuldbinding og tekjuskattseign samstæðunnar samkvæmt efnahagsreikningi greinist þannig:

| | Tekju-skattseign | Tekjuskatts-skuldbinding | Samtals |
|---|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun 2004 | ( 26 ) | 1.031 | 1.005 |
| Yfirtekið á árinu | ( 8 ) | 1.361 | 1.353 |
| Fært úr samstæðu | 0 | ( 465 ) | ( 465 ) |
| Tekjuskattur af innleystum hagnaði | ( 4 ) | 1.838 | 1.834 |
| Tekjuskattur af óinnleystum hagnaði | 0 | 363 | 363 |
| Tekjuskattur til greiðslu 2005 vegna ársins 2004 | 0 | ( 208 ) | ( 208 ) |
| Aðrar breytingar | ( 12 ) | 7 | ( 5 ) |
| Staða í árslok 2004 | ( 50 ) | 3.927 | 3.877 |

Tekjuskattsskuldbinding og tekjuskattseign skiptist þannig:

| | Tekju-skattseign | Tekjuskatts-skuldbinding | Samtals |
|---|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 10 | 141 | 151 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 0 | 4.145 | 4.145 |
| Aðrir liðir | ( 30 ) | 108 | 78 |
| Tekjuskattsskuldbinding og tekjuskattseign af efnahagsliðum | ( 20 ) | 4.394 | 4.374 |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap | ( 30 ) | ( 467 ) | ( 497 ) |
| Staða í árslok 2004 | ( 50 ) | 3.927 | 3.877 |

## Skuldbinding um hlutabréfakaup

**52.** Í desember 2004 tók Burðarás hf. þátt í yfirtökutilboði, ásamt hópi annarra fjárfesta, um yfirtöku á Big Food Group (BFG) í Bretlandi. Yfirtökutilboð var samþykkt á hluthafafundi BFG í janúar 2005 og í febrúar 2005 voru viðskiptin endanlega samþykkt af yfirvöldum. Með þátttöku í framangreindu tilboði skuldbatt Burðarás hf. sig til að fjárfesta fyrir samtals 20 millj. breskra punda eða 2.300 millj. kr. miðað við gengi í árslok. Fjárfesting í félögunum samanstendur af láni og kaupum á hlutum í félaginu. Í ársreikningi Burðaráss hf. 2004 var fjárfestingin og skuldbindingin ekki færð upp í efnahagsreikningi þar sem samningurinn var ekki samþykktur fyrr en í febrúar 2005.

*Fjárhæðir eru í milljónum króna*

## Lántökur

**53.** Yfirlit um lántökur og vaxtakjör:

| Skuldir í erlendum gjaldmiðlum: | Vextir | Eftirstöðvar |
|---|---|---|
| Skuldir í EUR | 3,2% | 6.589 |
| Skuldir í USD | 3,1% | 2.595 |
| Skuldir í SEK | 3,3% | 1.186 |
| Skuldir í NOK | 3,4% | 761 |
| Skuldir í CHF | 2,0% | 760 |
| Skuldir í GBP | 5,9% | 583 |
| Skuldir í DKK | 5,6% | 469 |
| Skuldir í JPY | 0,6% | 48 |
| | | 12.991 |
| Skuldir í íslenskum krónum | 6,0% | 15.700 |
| Lántökur samtals | | 28.691 |

Framangreind vaxtahlutföll eru vegnir meðalvextir og í samræmi við gildandi vaxtakjör lána í árslok 2004, en vaxtakjör skulda í erlendum gjaldmiðlum breytast miðað við breytingar á markaðsvöxtum á erlendum lánamörkuðum.

**54.** Afborganir af lántökum greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Árið 2005 | 6.624 |
| Árið 2006 | 2.723 |
| Árið 2007 | 2.113 |
| Árið 2008 | 2.241 |
| Árið 2009 | 4.253 |
| Síðar | 10.737 |
| Lántökur samtals | 28.691 |

## Afleiðusamningar

**55.** Félagið hefur gert framvirka samninga við lánastofnanir í þeim tilgangi að takmarka vaxta- og gengisáhættu sína.

Framvirkir gjaldmiðlasamningar félagsins eru gerðir til að takmarka gengisáhættu vegna eigna og skulda. Hér er annars vegar um að ræða samninga sem gerðir eru vegna skuldasamsetningar félagsins og hins vegar samninga vegna samningsbundinna greiðslna í tengslum við fjárfestingar félagsins. Miðað við árslok hefur félagið skuldbundið sig til framvirkra viðskipta fyrir um 16.910 millj. kr.

Félagið hefur gert mynt- og vaxtaskiptasamninga í þeim tilgangi að takmarka gengis- og vaxtaáhættu sína. Grunnfjárhæð samninganna er 4.510 millj. kr. í árslok og fela þeir í sér gjaldmiðlaskipti og breytingu úr föstum vöxtum í breytilega vexti. Færsla vaxta í ársreikning miðast við samningana og er tekið tillit til þeirra við skiptingu lána eftir myntum og við útreikning meðalvaxta af langtímaskuldum félagsins í skýringu 53.

Framvirkir samningar og mynt- og vaxtaskiptasamningar eru færðir í ársreikninginn miðað við markaðsverð þeirra.

## Óvissa

**56.** Þann 4. september 2002 gerðu starfsmenn Samkeppnisstofnunar húsleit á skrifstofum Hf. Eimskipafélags Íslands í Reykjavík vegna kæru til stofnunarinnar. Í kærunni var óskað eftir að rannsakað yrði hvort félagið hefði brotið gegn samkeppnislögum í flutningastarfsemi sinni. Ekki er ljóst hvenær úrskurðar er að vænta í málinu eða hver áhrif hann kynni að hafa á starfsemi félagsins.

*Fjárhæðir eru í milljónum króna*

## Stjórnunarhættir

**57.** Stjórn Burðaráss hf. leggur ríka áherslu á að viðhalda góðum stjórnunarháttum í rekstri félagsins með það að markmiði að trúnaður og traust ríki milli hluthafa, stjórnarmanna, stjórnenda og annarra aðila sem hagsmuna eiga að gæta í félaginu. Með þetta að leiðarljósi hefur stjórnin sett sér ítalegar starfsreglur sem meðal annars taka mið af þeim leiðbeiningum um stjórnunarhætti fyrirtækja sem gefnar hafa verið út og kynntar af Verslunarráði Íslands, Kauphöll Íslands hf. og Samtökum atvinnulífsins.

Í starfsreglum stjórnar er meðal annars að finna ákvæði um fundarsköp, ítarlegar reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira. Uppfylla reglur stjórnar að öllu leyti fyrrgreind tilmæli og eru að sumu leyti ítarlegri en þar er kveðið á um. Það kemur í hlut nýrrar stjórnar sem kjörin verður á næsta aðalfundi félagsins að taka afstöðu til annarra atriða sem koma fram í fyrrgreindum tilmælum sem tóku gildi þann 1. janúar síðastliðinn.

**Umsjón:** Brynhildur Kjartansdóttir • **Ljósmyndir:** Lárus Karl Ingason og Nordicphotos
**Hönnun:** Hvíta húsið • **Umbrot og prentvinnsla:** Prentsmiðjan Oddi hf.

